# FRÉTTABLAÐIÐ

86. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 11. APRÍL 2019


## Meira kókaín og sterkara

**HEILBRIGÐISMÁL** Á síðustu þremur árum hefur styrkur kókaíns sem haldlagt er á Íslandi aukist, segir sérfræðingur hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði (RLE).

Framboð á kókaíni hefur verið mikið síðustu ár í efnahagslegri uppsveiflu þrátt fyrir að tollverðir hafi síðustu ár lagt hald á metmagn. Það hefur meira að segja orðið sprenging í magni kókaíns í frárennslisvatni Reykjavíkurborgar.



Jón Magnús Kristjánsson yfirlæknir.

Í úttekt Fréttablaðsins á þeim dómum sem féllu í fyrra í fíkniefnamálum, þar sem kókaín var ýmist haldlagt við innflutning eða í stærri húsleitum, reyndist styrkleiki efnanna vera að meðaltali 66 prósent. Mestur var styrkleikinn 86 prósent en samkvæmt upplýsingum frá RLE er þar um nær hreint efni að ræða. Fræðilega geti gildið ekki orðið hærra en 89 prósent.

**86%**

**var styrkleiki kókaíns í tveimur dómsmálum í fyrra. Annars vegar á smygli á 2,1 kílói frá Spáni og hins vegar á 141 grammi frá Hollandi. Fræðilega er þetta nær hreint kókaín.**

Aukinn styrkleiki kókaíns er áhyggjuefni og eykur hættuna á eitrun sem leitt getur til dauða.

Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir bráðalækninga á Landspítalanum, segir að komum á bráðamóttökuna vegna fíkniefna almennt hafi fjölgað og sérstaklega hvað kókaín varðar.

„Það er klár aukning frá því sem var fyrir fimm árum.“ – smj / sjá síðu 4

 Aa
 Áá
 Bb
 Dd
 Ðð
 Ee
 Éé
 Ff
 Gg
 Hh
 Ii
 Íí
 Jj
 Kk
 Ll
 Mm
 Nn
 Oo
 Óó
 Pp
 Rr
 Ss
 Tt
 Uu
 Úú
 Vv
 Xx
 Yy
 Ýý
 Þþ
 Ææ
 Öö

# Eru kennarar draumasmiðir?

Kennarar ræða óhefðbundna og fjölbreytta kennsluhætti. Slík kennsla er sífellt að ryðja sér meira til rúms og virðist halda betur utan um hvern og einn nemanda. Góð samskipti eru lykill og kennarar geta haft mikil áhrif á sjálfsmynd nemenda. 10, 12

Skólakerfið hefur verið gagnrýnt í gegn um tíðina.

## Óþarfi að óttast Elliðaárdalinn

**LÖGREGLUMÁL** „Það er alveg ástæðulaust,“ segir Valgarður Valgarðsson aðalvarðstjóri aðspurður hvort almenningur þurfi að hafa áhyggjur af öryggi sínu eftir árás í Elliðaárdal í fyrrakvöld.

**Ráðist var á hlaupara í Elliðaárdal um klukkan hálf ellefu í fyrrakvöld.**

Valgarður segir þann sem tilkynnti árásina vera ungan karlmann. Hann sé ekki illa slasaður.

„Hann hefur lent í einhverju en það er spurning um hvað nákvæmlega gerðist. Það eru einhverjir endar ennþá sem við höfum ekki alveg náð að botna í,“ segir aðalvarðstjórinn sem kveður engan enn liggja undir grun í málinu. – gar / sjá síðu 2

## KK ánægður með soninn



**TÓNLIST** „Hann er svakalega duglegur strákurinn og leggur sig allan fram,“ segir tónlistarmaðurinn KK sem nú ferðast um landið með hljómsveit með son sinn Sölva innanborðs.

„Bandið er alveg guðdómlegt og við förum allir bara í þetta til þess að fá að spila músík enda sáum við nú ekki fyrir okkur að við myndum uppskera mikið peningalega út úr þessu,“ segir KK um tónleikaröðina sjálfa. Um sé að ræða músíkalska ánægjuferð og þeim félögum hafi verið tekið fagnandi á öllum viðkomustöðum. – þþ / sjá síðu 36


### Fréttablaðið í dag

Halldór



**SKOÐUN** Dóra Magnúsdóttir skrifar um næsta skref í baráttunni fyrir jafnrétti. 18

**TÍMAMÓT** Sonja Margrét Ólafsdóttir opnar sína fyrstu ljósmyndasýningu eftir útskrift úr Ljósmyndaskóla Íslands í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. 24

**LÍFIÐ** Fatahönnuðurinn Harpa Einarsdóttir og grafíski hönnuðurinn Siggeir Hafsteinsson sækja innblástur hvort í annað. 34

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður



A-átt 3-8 m/s, en 10-15 syðst. Léttskýjað norðan til en skýjað með köflum annars staðar, og smáskúrir um suðaustanvert landið. Hiti 3 til 9 stig. SJÁ SÍÐU 26



Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Íhugar sín næstu skref

**STJÓRNSÝSLA** Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir fagnar úrskurði kærunefndar jafnréttismála, um að Þingvallanefnd hafi brotið jafnréttislög er gengið var fram hjá Ólínu við ráðningu í starf þjóðgarðsvarðar í október í fyrra. Hún hyggst hugsa næstu skref vel og hvernig nefndin bregst við úrskurðinum.

„Ég lýsi ánægju með þennan úrskurð. Það er fallist á það sjónarmið sem ég taldi við blasa að það var rangt staðið að þessari ráðningu og málefnaleg sjónarmið réðu ekki úrslitum um hana," segir Ólína.

Tveir umsækjendur komu helst til greina þegar ráðið var í stöðuna í fyrra, þau Einar Á.E. Sæmundsen, þá fræðslufulltrúi þjóðgarðsins, og Ólína, en svo fór á endanum að Einar var ráðinn í starfið.

„Vinnubrögðin og stjórnsýslan voru ekki í lagi og það var ekki vandað til vinnubragða. Ákveðinn hluti af þessu ráðningarferli var geðþóttastjórnsýsla og pólitískur fyrirgangur. Það var það sem var erfiðast að sætta sig við," segir Ólína og ítrekar mikilvægi þess að fólk njóti verðleika sinna þegar sótt er um starf og í ráðningarferlinu sem þá fer af stað.

„Það á enginn að þurfa að gjalda fyrir það að hafa verið í stjórnmálaflokki, hafa þjónað þjóð sinni á Alþingi Íslendinga, hafa skoðanir eða fyrir að vera kona á tilteknum aldri. Þú átt að njóta verðleika þinna, hvort sem þú ert karl eða kona." **– dfb**

## Hress útskriftarefni



Vegfarendur í miðbænum urðu í gær varir við furðulega klædd útskriftarefni Menntaskólans í Reykjavík sem fögnuðu dimmisjón. Gámabílar ferjuðu glaðan mannskapinn út í ævintýri dagsins og komandi kvölds. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir af dimmittöntum er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

## Björgvin Guðmundsson látinn



Björgvin Guðmundsson, fyrrverandi borgarfulltrúi, lést á heimili sínu þriðjudaginn 9. apríl. Björgvin fæddist í Reykjavík, 13. september 1932. Hann nam viðskiptafræði við Háskóla Íslands og starfaði um árabil sem blaðamaður og fréttaritstjóri á Alþýðublaðinu og á Vísi. Einnig við dagskrárgerð í Ríkisútvarpinu.

Björgvin var borgarráðsmaður fyrir Alþýðuflokkinn í 12 ár og starfaði í Stjórnarráðinu í 28 ár.

Á síðustu árum barðist Björgvin fyrir kjörum aldraðra og ritaði fjölmargar greinar um málefnið. Margar birtust í Fréttablaðinu.

# Engir liggja undir grun eftir árás í Elliðaárdal

**Kannað er hvort myndavélaupptökur geti varpað ljósi á árás í Elliðaárdal. Fórnarlambið segir ókunnuga menn hafa ráðist fyrirvaralaust á sig. Aðalvarðstjóri segir almenning ekki þurfa að hafa áhyggjur af árásum í dalnum.**

**LÖGREGLUMÁL** „Það er verið að skoða hvort þarna eru myndavélar og hvort finnast vitni," segir Valgarður Valgarðsson, aðalvarðstjóri á lögreglustöð 4 á Vínlandsleið, um árás í Elliðaárdal í fyrrakvöld.

Árásin var gerð um klukkan hálf ellefu á Rafstöðvarvegi sem liggur austan Elliðaáa og upp undir Höfðabakkabrú. Er það vinsæll vettvangur útivistarfólks af öllu tagi.

Valgarður segir þann sem tilkynnti árásina vera ungan karlmann en gefur ekki upp nánari deili á honum. Maðurinn hafi sagt við fyrstu skýrslutöku að árásarmennirnir hafi verið fleiri en einn en ekki sé ljóst hversu margir þeir kunni að hafa verið. „Það er algerlega óvíst. Hann talaði um að menn hefðu ráðist að sér," segir aðalvarðstjórinn.

Fram kom í tilkynningu að maðurinn hefði verið var sleginn í höfuðið og veittir áverkar. Sjálfur hefði hann talið árásina vera ránstilraun. „Hann var ekki alvarlega slasaður en fór í skoðun á slysadeildinni og var svo útskrifaður þaðan. Hann hefur lent í einhverju en það er spurning um hvað nákvæmlega gerðist," segir aðalvarðstjórinn. „Það eru einhverjir endar ennþá sem við höfum ekki alveg náð að botna í. Málið er óljóst og er enn til skoðunar í rannsóknardeildinni hjá okkur."

Þannig segir Valgarður engan liggja undir grun í málinu að svo stöddu. Sá sem ráðist var á hafi ekki þekkt til árásarmannanna. Hann hafi heldur ekki getað veitt lögreglu gagnlegar vísbendingar um hverjir þeir voru.

„Hann lýsir því bara þannig að hann sé þarna að hlaupa þegar ráðist var á hann fyrirvaralaust, einhverjir ókunnugir aðilar. Þeir láta sig svo bara hverfa og það er ekki vitað neitt meir. Hann gerir sér sjálfur ekki alveg grein fyrir því hvað gerðist," útskýrir Valgarður.

Aðspurður segir Valgarður ekki dæmi um að menn hafi áður veist að fólki sem stundar útivist í Elliðaárdal. „Nei, nei. Það eru engin nýleg dæmi um það hjá okkur," svarar hann. Um einstakt tilfelli sé að ræða. Almenningur þurfi ekki að hafa áhyggjur. „Það er alveg ástæðulaust." **gar@frettabladid.is**



**Rafstöðvarvegur í Elliðaárdal er mjög vinsæll meðal útvistarfólks. Þessi maður var þar á hlaupum um kvöldmatarleytið í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Hann hefur lent í einhverju en það er spurning um hvað nákvæmlega gerðist.
>
> Valgarður Valgarðsson aðalvarðstjóri




HÚSASMIÐJAN

blómaval

**Nýtt blað komið út**
Sjá husa.is

# PÁSKATILBOÐ

## í Húsasmiðjunni og Blómavali

**Pottaplöntur**
**25%**
**afsláttur**

**Öll LADY málning**
**25%**
**afsláttur**

**50%** afsláttur
**Sýpris**
**999**
~~1.990 kr~~
80-100 cm

**Broil King**
**Gasgrill Crown 310**
8,8 kW brennarakerfi úr ryðfríu stáli. Grillgrindur úr steypujárni. Þrír brennarar úr ryðfríu stáli.
3000317
**49.990 kr**
~~61.990 kr~~

**Páskaliljur**
**1.499 kr**
10 stk.

OUTBACK
**18.990 kr**
~~23.990 kr~~
**Gasgrill**
Outback gasgrill, 2ja brennara með hliðaborði. Grillflötur: 50x36 cm með tvískiptum brennara.
3000225

OUTBACK
**29.990 kr**
~~39.990 kr~~
**Gasgrill, 3ja brennara**
Sunset Solo, 3ja brennara, grillflötur: 628x406 mm. 3 ryðfríir brennarar, hitamælir, 9,67 kW.
3000393

**20%** afsláttur
DEWALT
**35.996 kr**
~~44.995 kr~~
**Borvél DeWalt 18V**
Tvær 2.0Ah -Li-on rafhlöður. Hersla 70Nm.
5159080

**Sjáðu verðið!**
AEG
Aðeins í Skútuvogi og husa.is
**67.990 kr**
~~85.495 kr~~
**Þvottavél 1400 sn. 8 kg.**
A+++ orkunýtingu, barnalæsing, hljóðstyrkur 50 dB en 74 dB við þeytingu, XL opnun á hurð, kolalaus mótor.
1860061

SILVERBACK
Þýsk gæðahjól
Fjalla- og götuhjól 26"
**59.800 kr**

Krakkahjól 26"
**28.900 kr**

**30%** afsláttur
**27.293 kr**
~~38.990 kr~~
**Trampolín 3,66 m, með öryggisneti**
12 fet/3,66 m, 6 fætur með öryggisneti.
3900557

**30%** afsláttur
**34.295 kr**
~~48.995 kr~~
**Bensínsláttuvél** ML140EA
Briggs & Stratton mótor, 140cc, með drifi.
5085435

**20%** afsláttur
TEXAS
**11.996 kr**
~~14.995 kr~~
**Rafmagnshekkklippur**
620W, 60 cm blað, klippir allt að 22 mm, þyngd 3.6 kg.
5083686

# Atkvæðagreiðslur um lífskjarasamninginn eru að hefjast

**KJARAMÁL** Atkvæðagreiðslur um lífskjarasamninginn sem undirritaður var í síðustu viku eru nú að hefjast. Kosning meðal félagsmanna VR hefst í dag og stendur til hádegis næstkomandi mánudags. Hjá aðildarfélögum Starfsgreinasambandsins hefst atkvæðagreiðsla klukkan 13 á morgun og stendur til klukkan 16 þriðjudaginn 23. apríl.

Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar, segir að vel hafi verið mætt á kynningarfund félagsins sem haldinn var á þriðjudagskvöld. „Það var almennt gerður mjög góður rómur að þessari kynningu að því er ég gat best séð. Það voru auðvitað líflegar umræður og við reyndum eftir megni að svara og skýra hluti,“ segir Viðar.

**Fólk er forvitið um þessar nýju heimildir til kaffitímasölu og vinnutímastyttingar.**


Viðar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Eflingar

Í gærkvöldi fór fram kynning á ensku og í kvöld verður samningurinn kynntur á pólsku. Viðar segir að félagið vilji tryggja að fólk þekki inntak nýs kjarasamnings svo að það geti tekið upplýsta afstöðu.

„Fólk er forvitið um þessar nýju heimildir til kaffitímasölu og vinnutímastyttingar. Eins er fólk að spá í hluti eins og þessar nýju hugmyndir í húsnæðismálum. Okkur hefur gengið ágætlega að útskýra margt af þessu sem er nýlunda eins og þessar hagvaxtartengdu launahækkanir.“

Á næstu dögum verða samningarnir kynntir fyrir aðildarfyrirtækjum SA en haldnir verða kynningarfundir í Reykjavík og á Akureyri. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, segist gera ráð fyrir að atkvæðagreiðsla hefjist um eða eftir helgi. Niðurstöðurnar verða birtar miðvikudaginn 24. apríl en um allsherjaratkvæðagreiðslu er að ræða þar sem atkvæðafjöldi er veginn eftir stærð fyrirtækja.

„Það verða greidd atkvæði sameiginlega um samningana enda marka þeir launastefnu fyrir allan almenna vinnumarkaðinn,“ segir Halldór. **– sar**

## Yfirlýsing vegna plastmengunar

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisráðherrar Norðurlandanna samþykktu á fundi sínum í Reykjavík í gær yfirlýsingu þar sem kallað er eftir alþjóðlegum samningi til að draga úr plastmengun í hafinu.

Aukin plastmengun í hafi sé vandamál á heimsvísu og alvarleg ógn við lífríkið. Ráðherrarnir leggja áherslu á að frekari aðgerða sé þörf til að draga úr þessari mengun. Ekkert eitt ríki geti leyst vandann heldur þurfi samvinnu.

„Með yfirlýsingunni í dag [í gær] styrkjum við stöðu okkar sem leiðandi afl á alþjóðavísu við að takast á við þetta brýna úrlausnarefni,“ er haft eftir Guðmundi Inga Guðbrandssyni umhverfisráðherra. **– sar**

## Úthlutanir fyrir páska færast til

**SAMFÉLAG** Úthlutanir Fjölskylduhjálpar Íslands færast til um einn dag fyrir páska. Þannig verður úthlutun fyrir einstaklinga næstkomandi mánudag, 15. apríl, milli klukkan 12 og 14 í Iðufelli 14 í Reykjavík.

Úthlutun fyrir fjölskyldur verður á sama stað þriðjudaginn 16. apríl milli klukkan 12 og 14. Þá verður úthlutun að Baldursgötu 14 í Reykjanesbæ miðvikudaginn 17. apríl milli klukkan 15 og 17. **– sar**


FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.


# Kókaínið hér á landi verður sífellt hreinna og hættulegra

**Rannsóknastofa Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði merkir aukningu í styrkleika kókaíns sem haldlagt hefur verið hér á landi síðustu ár. Það magn hefur aukist verulega. Í fyrra féllu tveir dómar þar sem reynt var að smygla nær hreinu kókaíni. Fleiri leita á bráðamóttöku Landspítalans vegna eitrunar.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Á síðustu þremur árum höfum við séð styrkinn fara upp á við og þróunin á fleiri ára tímabili er upp á við,“ segir Valþór Ásgrímsson, verkefnastjóri hjá Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði (RLE) um þau sýni af haldlögðu kókaíni sem stofnunin fær til rannsóknar. Þróunin sé sambærileg á heimsvísu, framboðið mikið og styrkleikinn að aukast. Dómar sem fallið hafa í smyglmálum sýna að nær hreint kókaín er að koma til landsins.

Undanfarin ár hafa tollverðir lagt hald á tugi kílóa af kókaíni í Leifsstöð og varð sprenging í þeim efnum árið 2017. Aukið framboð og eftirspurn er að mati sérfræðinga til vitnis um góðæri undangenginna ára enda notkun kókaíns gjarnan beintengd efnahagsaðstæðum hverju sinni. Fréttablaðið hefur áður fjallað um metinnflutning á kókaíni á liðnum árum og lögreglan staðfest að þar á bæ taki menn eftir sífellt meira af efninu í umferð. Í síðasta mánuði hafði RÚV eftir sérfræðingum RLE að magn kókaíns hefði nærri fjórfaldast í frárennslisvatni frá Reykjavík á tveimur árum ef marka má rannsókn á sýnum úr tveimur hreinsistöðvum.

Önnur heimild um magnið og styrkleika efnanna er í dómskjölum hér á landi. Fréttablaðið fór í gegnum alla kókaíntengda dóma sem féllu í fyrra, þar sem efni voru ýmist haldlögð við innflutning eða í stærri húsleitum. Í fimmtán dómsmálum var um að tefla alls 11 kíló af haldlögðu kókaíni. Í tólf þessara mála var styrkleiki efnanna birtur í dómnum og reyndist hann að meðaltali 66 prósent. Styrkleikinn var allt frá 31 prósenti upp í 86 prósent og verður vart meiri en það.


**Framboð kókaíns og styrkur hefur aukist síðustu ár.** NORDICPHOTOS/GETTY

**86%**

**var styrkleiki kókaíns sem smyglað var til landsins og dæmt fyrir í fyrra. Sérfræðingar segja þetta nær hreint efni.**

**Það er klár aukning frá því sem var fyrir fimm árum.**


Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir bráðalækninga á Landspítalanum

Athygli vekur að í tvígang mældist styrkleiki kókaíns svo hár. Í öðru málinu var um að ræða smygl á 2,1 kílói frá Barcelona á Spáni en í því síðara var um 141 gramm sem var að koma frá Amsterdam í Hollandi. Frá Zürich í Sviss kom svo rúmt kíló að 84 prósenta styrkleika.

Til að setja hreinleika efnis að 86 prósenta styrkleika í samhengi þá fengust þær upplýsingar frá RLE að það sé svo gott sem hreint kókaín. Fræðilega geti gildið ekki orðið hærra en 89 prósent, sem væri samsvarandi hreinu – eða 100 prósent kókaínklóríði.

Þessi aukni styrkleiki efna er áhyggjuefni. Árið 2017 gerðist það í Bretlandi að lögregluyfirvöld í Eastbourne sáu sig tilneydd til að vara sérstaklega við sérlega hreinu kókaíni í umferð þar enda notendur líklega vanari vægari skömmtum og neysla sama magns af hreinu kókaíni gæti endað með ósköpum.

Því sterkara sem kókaínið er þeim mun meiri líkur eru á eitrunareinkennum, vægari jafnt sem alvarlegum, en við þær aðstæður er leitað á bráðamóttökuna.

Jón Magnús Kristjánsson, yfirlæknir bráðalækninga á Landspítalanum, segir fjölgun á komum vegna fíkniefna almennt.

„En það er klár aukning frá því sem var fyrir fimm árum,“ segir Jón Magnús um kókaínið sérstaklega.
**mikael@frettabladid.is**





Kringlan
Fullt af allskonar fyrir
GLEÐILEGA PÁSKA
Hjá okkur finnur þú allt fyrir páskaboðið
– allt frá veislumatnum til vortískunnar
OPIÐ
FIMMTUDAG 10–21
FÖSTUDAG 10–19
LAUGARDAG 10–18
SUNNUDAG 13–18
Upplýsingar um breytta opnunartíma um páskana á
kringlan.is
KONTOR REYKJAVÍK

Ný frímerki

Safnaðu litlum listaverkum

Þann 11. apríl gefur Pósturinn út sjö frímerki. Um er að ræða ferðamannafrímerki, frímerki tileinkuð ungviði íslensku húsdýranna og Evrópufrímerkin 2019, þar sem þemað er fuglar. Einnig kemur út frímerki til að minnast þess að Ljósmæðrafélag Íslands er 100 ára í ár.




Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum.
Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni. Sími: 580 1050.
Netfang: stamps@stamps.is
Heimasíða: www.stamps.is
facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN



BROSTRYGGING

VIÐ VILJUM AÐ ALLAR GJAFIR HITTI Í MARK

FERMINGARGJAFIR MÁ PRÓFA OG SKILA TIL 30. JÚNÍ*



*sjá skilmála á elko.is/brostrygging

PRÓFAÐU VÖRUNA
Þú hefur til 30. júní til að prófa vöruna heima. Ef þér líkar ekki varan getur þú skilað henni. Mundu bara eftir öllum aukahlutum.

ALVÖRU ENDURGREIÐSLA
Þú velur hvort þú fáir inneign eða endurgreitt. Þú færð vöruna endurgreidda á kaupverði og inneignarnótan rennur aldrei út.

ELKO




Netanjahú er trúlega sáttur við niðurstöðurnar enda heldur hann líklega forsætisráðuneytinu. NORDICPHOTOS/AFP

# Minni líkur á friði eftir kosningarnar

**Sigur Benjamíns Netanjahú og ísraelskra íhaldsflokka í þingkosningum veldur Palestínumönnum áhyggjum. Forsætisráðherrann hyggst innlima landtökubyggðir og búast má við áframhaldandi samvinnu við Trump.**

**ÍSRAEL** Benjamín Netanjahú og Líkúd-flokkur hans eru sigurvegarar ísraelsku þingkosninganna. Þetta kom í ljós þegar stærstur hluti atkvæða hafði verið talinn í gær. Útgönguspár og kannanir höfðu bent til þess að Kahol Lavan, framboð fyrrverandi hershöfðingjans Benny Gantz, yrði stærst. Það rættist hins vegar ekki og þótt framboðið hafi þrefaldað sig á milli kosninga fékk það jafnmörg sæti og Líkúd, 35.

Netanjahú er sömuleiðis í afar sterkri stöðu þegar kemur að stjórnarmyndun. Hægriflokkarnir fengu samtals 65 þingsæti en mið- og vinstriflokkar, sem Gantz hefði þurft að stóla á, fengu 55 sæti. Öfgaíhaldsflokkurinn Zehut, sem hefði getað sett strik í reikninginn, náði ekki yfir 3,25 prósenta þröskuldinn og mun því ekki valda Netanjahú né Gantz hugarangri á kjörtímabilinu. Netanjahú, gjarnan kallaður Bíbí, virðist því ætla að sitja sitt fimmta kjörtímabil á stól forsætisráðherra. Lengur en nokkur annar.

Stefnan er skýr. „Þetta verður hægristjórn en ég verð forsætisráðherra allra. Ég er djúpt snortinn yfir því að ísraelska þjóðin ákvað að treysta mér í fimmta sinn og með meiri mun en í undanförnum kosningum. Ég ætla að verða forsætisráðherra allra ríkisborgara Ísraels. Hægrimanna, vinstrimanna, Gyðinga, ekki Gyðinga. Allra ríkisborgara Ísraels,“ sagði Netanjahú við stuðningsmenn sína.

> **Ég ætla að verða forseti allra ríkisborgara Ísraels.**
>
> Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels

Þótt aðdragandi kosninganna og undanfarnir mánuðir hafi að miklu leyti einkennst af umræðu um væntanlegar spillingarákærur á hendur Netanjahús náði forsætisráðherrann að verja stöðu sína vel og sá til þess að hægrimenn skiluðu sér á kjörstað. Með því að taka undir loforð flokka lengra úti á íhaldsvængnum og með því að telja kjósendum trú á að vinstristjórn væri óumflýjanleg ef Líkúd fengi ekki atkvæði þeirra náði forsætisráðherrann einnig að tryggja að Kahol Lavan yrði ekki stærsti flokkur ísraelskra stjórnmála.

Ætla má að samspil Netanjahús og Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, hafi spilað stóra rullu í kosningunum. Í forsetatíð sinni hefur Trump viðurkennt Jerúsalem sem höfuðborg Ísraels og viðurkennt innlimun Ísraela á Gólanhæðum, alþjóðasamfélaginu til ama. Trump hefur aukinheldur skorið á stuðning við Palestínumenn og lokað skrifstofum Palestínumanna í Washington. Netanjahú sagði svo sjálfur nýlega að hann myndi formlega innlima landtökubyggðir Ísraela á Vesturbakkanum, sem Sameinuðu þjóðirnar álíta ólöglegar.

Saeb Erakat, framkvæmdastjóri Frelsissamtaka Palestínu (PLO) sagði í gær að með sigri Netanjahús hafi Ísraelar hafnað friði og valið áframhaldandi átök á milli þjóðanna.

Orð Erakats ríma vel við ummæli Hanan Ashrawi, palestínsks erindreka, sem féllu í samtali við The Guardian í gær. „Ísraelar tóku skýra afstöðu með frambjóðendum sem eru staðráðnir í því að viðhalda núverandi ástandi og þannig kúgun, hernámi og innlimun. Þau hafa valið hægristjórn, útlendingahatur og andúð á Palestínumönnum til þings. Ísraelar hafa valið að útvíkka aðskilnaðarstefnuna,“ var haft eftir Ashrawi.

**thorgnyr@frettabladid.is**

# Umdeilt að Bretar boði til kosninga

**BRETLAND** Leiðtogaráð Evrópusambandsins hittist í gær til þess að ræða stöðuna í Brexit-málinu. Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, fór fram á að útgöngu Breta yrði frestað fram til 30. júní. Afstaða ESB til beiðni May lá ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun en ef engin frestun er samþykkt þurfa Bretar að ganga út án samnings á morgun. Ef leiðtogarnir samþykkja beiðnina er það í annað skipti sem útgöngu er frestað. Ástæðan er pattstaða á breska þinginu sem hefur þrisvar hafnað samningi May við ESB og ítrekað mistekist að ná meirihluta utan um aðra nálgun í útgöngumálinu.

Nokkuð mismunandi afstaða til frestunar birtist í gær. Leo Varadkar, forsætisráðherra Íra, sagði til að mynda að hann væri viss um að hægt væri að ná samkomulagi um frestun á meðan Emmanuel Macron, forsætisráðherra Frakka, sagði að það væri ekki hægt að vera viss um neitt slíkt.




**May um frest.** NORDICPHOTOS/AFP

Eitt helsta ágreiningsmálið í viðræðum gærdagsins var þátttaka Breta í Evrópuþingkosningum sem eiga að fara fram þann 23. maí, hafi Bretar ekki gengið út úr sambandinu áður. Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði það afar mikilvægt að frestun á útgöngu yrði því skilyrði háð að Bretar myndu undirbúa kosningar. Þetta er umdeilt á Bretlandi. BBC hafði eftir Damian Green, þingmanni Íhaldsflokksins, að það væri argasta vitleysa að Bretar haldi Evrópuþingkosningar. - þea

> **Forsætisráðherra Íra var bjartsýnn á að Bretar fengju frest en franski forsetinn sagði ekkert öruggt í þeim efnum.**





# Hörkufjör á dimmisjón

**Nú styttist í sumar og útskriftir í framhaldsskólum. Því mátti sjá furðulega klædd útskriftarefni Menntaskólans í Reykjavík fagna dimmisjón í gær. Stærðarinnar bílar frá Gámaþjónustunni ferjuðu mannskapinn út í daginn. Ljósmyndararnir Ernir Eyjólfsson og Sigtryggur Ari Jóhannsson fylgdust með.**






FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI OG ERNIR

# BIOEFFECT

## TÖFRATVENNA Í BARÁTTUNNI GEGN ÖLDRUN HÚÐAR

### BIOEFFECT EGF + 2A DAILY DUO

NÝJAR
ENDURBÆTTAR UMBÚÐIR




## KYNNINGARDAGAR 11.–17. APRÍL

20% AFSLÁTTUR AF BIOEFFECT HÚÐVÖRUM

BIOEFFECT EGF + 2A DAILY DUO inniheldur hinn margverðlaunaða EGF frumuvaka auk hyaluronic-sýru sem veitir raka, ferulic-sýru sem vinnur gegn sindurefnum og loks azelaic-sýru sem er bólgueyðandi. Tvennan kemur jafnvægi á rakastig húðarinnar, dregur úr fínum línum og hrukkum, minnkar bólgur, jafnar litarhaft og berst gegn skaðlegum áhrifum sindurefna úr umhverfinu.

BIOEFFECT.COM @BIOEFFECTOFFICIAL
FÆST Í HAGKAUP SMÁRALIND, KRINGLUNNI, SKEIFUNNI, GARÐABÆ OG AKUREYRI

BORN FROM **SCIENCE**
MADE IN **ICELAND**

**HAGKAUP** *Meira svona alla daga*

# Telja væntar endurheimtur 15 prósent

**Norskt greiningarfyrirtæki hefur verðlagt skuldabréf WOW air á 15 prósent af nafnvirði. Norskir og þýskir sjóðir keyptu skuldabréf flugfélagsins ásamt bandarískum fjármálarisa. Norskur sjóðsstjóri segir vörumerkið og farþegagögnin einu verðmætin sem eru eftir.**



Nú standa yfir gjaldþrotaskipti á viðamiklu þrotabúi WOW air sem fór í þrot undir lok mars. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Væntar endurheimtur skuldabréfaeigenda WOW air eru 15 prósent af því sem þeir lögðu flugfélaginu til samkvæmt norsku greiningarfyrirtæki. Norskir sjóðir og bandaríski fjármálarisinn BNY Mellon voru á meðal þeirra sem keyptu skuldabréf WOW air í útboði flugfélagsins síðasta haust að því er kemur fram í erlendum miðlum.

Viðskiptamiðillinn Finansavisen greindi frá því að norski skuldabréfasjóðurinn FORTE Kreditt hefði keypt skuldabréf af WOW air fyrir 5 milljónir norskra króna, jafnvirði 70 milljóna íslenskra króna miðað við gengi gjaldmiðlanna í dag. Um er að ræða sjóð með áhættusækna fjárfestingarstefnu. Sjóðsstjórinn Arne Eidshagen er sagður sitja í óformlegu ráði kröfuhafa WOW air sem hefur það hlutverk að gæta hagsmuna þeirra.

> **Við búumst við litlum endurheimtum eins og staðan er í dag.**
>
> Arne Eidshagen, sjóðsstjóri FORTE Kreditt

„Við búumst við litlum endurheimtum eins og staðan er í dag. Svo virðist sem verðmætin sem eftir standa felist mestmegnis í vörumerkinu og farþegagögnum,“ sagði Eidshagen í samtali við Finansavisen. Hann benti á að samkvæmt norska greiningarfyrirtækinu Nordic Bond Pricing, sem sérhæfir sig í verðlagningu skuldabréfa, væru skuldabréf WOW air verðlögð á 15 prósent af nafnvirði sem endurspeglar væntar endurheimtur skuldabréfaeigenda. Í mánaðarlegu yfirliti sem sent var á viðskiptavini FORTE Kreditt var haft eftir Eidshagen að virði sjóðsins hefði lækkað um 1,13 prósent af völdum WOW air í mars. Til samanburðar var ávöxtun sjóðsins 3,3 prósent árið 2018.

Greint er frá því að norska sjóðastýringarfyrirtækið MP Pensjon hafi einnig tekið þátt í skuldabréfaútboði WOW air og að það hafi keypt fyrir meira en FORTE Kreditt. MP Pensjon stýrir eftirlaunasjóðum fyrir viðskiptavini sína. Fyrirtækið á 2,4 prósenta hlut í Arnarlaxi samkvæmt hluthafalista fiskeldisfyrirtækisins frá því í september 2018. Fjárfestingarfélagið Toluma var einnig á meðal skuldabréfaeigenda WOW air. Stjórnarformaður Toluma er Morten Wilhelm Wilhelmsen, fyrrverandi forstjóri Wilhelmsen, sem er eitt stærsta skipafélag heims.

Þá hefur Bloomberg nefnt BNY Mellon, Hansainvest Hanseatische Investment og Universal Investment sem eigendur skuldabréfa WOW air. BNY Mellon er rótgróinn fjármálarisi með höfuðstöðvar í New York og um 1.700 milljarða Bandaríkjadala í stýringu. Hansainvest Hanseatische Investment og Universal Investment eru þýsk sjóðastýringarfyrirtækið, hið fyrrnefnda staðsett í Hamborg en hið síðarnefnda í Frankfurt.

Eins og Markaðurinn greindi frá voru fjárfestingarsjóðir í stýringu eignastýringarfyrirtækjanna GAMMA Capital Management og Eaton Vance Management í hópi þeirra sem lögðu WOW air til fé í skuldabréfaútboðinu, sem norska verðbréfafyrirtækið Pareto Securities hafði umsjón með ásamt Arctica Finance. Alls fjárfestu sjóðir GAMMA fyrir samanlagt tvær milljónir evra á meðan sjóðir í stýringu bandaríska fyrirtækisins keyptu skuldabréf fyrir tíu milljónir evra. Þá fjárfesti Skúli sjálfur fyrir 5,5 milljónir evra í útboðinu. Stór hluti þeirrar fjárhæðar sem safnaðist í umræddu útboði fékkst hins vegar með því að ýmsir viðskiptavinir WOW air skuldbreyttu kröfum sínum í skuldabréf.

Samkvæmt yfirliti frá Pareto Securities sem Markaðurinn greindi frá voru íslensk félög með um 37 prósent af heildareftirspurninni í skuldabréfaútgáfunni, bandarísk félög með fjórðunginn og félög á Norðurlöndunum með samanlagt 19 prósent. Afgangurinn – um 19 prósent – var seldur til annarra félaga í Evrópu.

**thorsteinn@frettabladid.is**



WWW.BILALAND.IS

# Yfirfarnir bílar á góðu verði

ÁSTANDSSKOÐAÐIR BÍLAR

Við trúum á **traust** og **áreiðanleika** í bílaviðskiptum.
Bílarnir okkar eru yfirfarnir og ástandsskoðaðir.




**NISSAN Navara Acenta+ 32"**
Nýskr. 12/16, ekinn 53 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 5.890.000 kr.**




**BMW X1 Xdrive18d**
Nýskr. 04/17, ekinn 44 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 4.690.000 kr.**




**LAND ROVER Discovery Sport HSE**
Nýskr. 02/16, ekinn 60 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.790.000 kr.**




**SUBARU XV Premium**
Nýskr. 06/17, ekinn 62 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.690.000 kr.**




**VW E Golf comfort 30kw**
Nýskr. 06/17, ekinn 35 þ.km,
rafmagn, sjálfskiptur.
**Verð 3.790.000 kr.**




**SUBARU Forester LUX**
Nýskr. 03/18, ekinn 9 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 5.490.000 kr.**




**NISSAN Qashqai Acenta 2wd**
Nýskr. 10/16, ekinn 61 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.890.000 kr.**




**KIA Niro Hybrid EX**
Nýskr. 03/17, ekinn 29 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 3.490.000 kr.**




**HYUNDAI Tucson Comfort**
Nýskr. 04/17, ekinn 103 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.490.000 kr.**




**BMW X2 Xdrive25d**
Nýskr. 01/19, ekinn 1 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 8.390.000 kr.**

## LAGERSALA

**Valdir bílar á einstöku tilboðsverði. Fyrstur kemur – fyrstur fær!**




**NISSAN Qashqai Acenta 4wd**
Nýskr. 05/17, ekinn 80 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 3.390.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.590.000 kr.**




**BMW X3 xDrive 20d**
Nýskr. 09/16, ekinn 41 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 6.290.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**5.790.000 kr.**




**RENAULT Kadjar Zen 4wd**
Nýskr. 09/15, ekinn 102 þ.km,
dísil, beinskiptur.
**Verð 2.690.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.290.000 kr.**




**NISSAN Juke Acenta+ 4wd**
Nýskr. 04/15, ekinn 64 þ.km,
bensín, sjálfskiptur.
**Verð 2.690.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.290.000 kr.**




**KIA Sportage EX 4wd**
Nýskr. 10/15, ekinn 96 þ.km,
dísil, sjálfskiptur.
**Verð 3.390.000 kr.**

**TILBOÐ!**
**2.590.000 kr.**



- Ástandsskoðun
- Ný vetrardekk
- Allt að 80% lán
- Fjármögnun á staðnum

www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is
**Opið frá kl. 9–18 alla virka daga**
**og laugardaga frá kl. 12–16**

Bílaland – Kletthálsi 11 - 110 Reykjavík
Hyundai notaðir bílar – Kauptúni 1 - 210 Garðabæ
Sími 525 8000 – bilaland@bilaland.is

bílaland

# TILVERAN



# Einblína þarf á einstaklinga

Íslenskt skólakerfi hefur gjarnan verið gagnrýnt í gegnum tíðina. Rætt hefur verið um börn sem hafa gleymst og kennara sem hafa haft neikvæð áhrif á skólagöngu barna. Hins vegar fara fleiri sögur af góðum úrvals kennurum og ræddi Tilveran við nokkra slíka. Margt hefur verið að breytast undanfarin ár. Skólar og kennarar hafa hægt og bítandi tekið upp óhefðbundið og fjölbreytt skólastarf sem nær betur utan um hvern og einn nemanda.

## Hefur mikla trú á ungum kennurum

**Lilja M. Jónsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, hefur marga fjöruna sopið hvað kennslu og öðruvísi kennsluhætti varðar og hefur tekið þátt í ýmsum þróunarverkefnum ásamt því að hafa sjálf sett nokkur á laggirnar.**

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



Lilja M. Jónsdóttir lauk sínu fertugasta ári sem grunnskólakennari og kennari í menntunarfræðum síðastliðið vor. Eitt af þróunarverkefnum Lilju var að skoða hvernig kennari getur nýtt sköpunarkraft og gagnrýna hugsun nemenda betur, hvernig hægt er að þróa námsmat í skapandi námi og nýta betur hæfileika, styrkleika og getu hvers og eins nemanda.

„Mér finnst þetta orðalag um að kennarar séu draumasmiðir alveg frábært. Þetta er akkúrat það sem hefur haldið mér gangandi í leik og starfi í gegnum árin. Ég er búin að kenna í 40 ár og finnst það alveg jafn gaman núna og þá. Ég hef verið lánsöm að vera í þessu skapandi og fjölbreytta starfi sem er líka áhugamálið mitt og ég hef mikla ánægju af,“ segir Lilja.

„Síðustu 10 árin mín í grunnskólakennslu starfaði ég í teymiskennslu með Önnu Jeppesen heitinni, sem var helsti frumkvöðull hér á landi í því að nota leiklist í kennslu. Við nýttum það mikið í okkar kennslu og gekk það vel. Ég gerði lokaverkefni mitt til kennaraprófs um opna skólastofu og var alveg ákveðin í því að ég ætlaði að reyna að framkvæma það, alveg frá byrjun. Fyrsta árið mistókst en sem betur fer hélt ég áfram að kenna og leitaði mér að meiri þekkingu og reynslu því ég þekkti þetta fyrirkomulag aðeins af bókum. Þar sem ég hafði sjálf ekki alist upp við slíkt skólastarf fór ég meðal annars í heimsókn í Fossvogsskóla sem var opinn skóli á þeim tíma. Þar fékk ég hugmyndir um fyrstu skrefin sem ég gat tekið. Það tók nokkur ár að skoða og prófa hvert ég vildi fara með þetta.“

Upp úr því þróaði Lilja ákveðið kerfi fyrir nemendur sem snerist um það að geta á farsælan hátt sinnt hverjum og einum nemanda.

Kerfið hennar Lilju er þannig að skólastarfinu er skipt upp í þrennt. Það eru kjarnatímar í kjarnagreinum, val í svokallaðri hringekju sem eru stöðvar með sjálfstæðum verkefnum og er ein stöðin fundarstöð en þar fá nemendur tækifæri til að hitta kennara á fundi vikulega og gera áætlun um nám sitt.

Loks eru stærri verkefni sem fella má undir verkefnamiðað nám (e. project based learning) og eru þau unnin í mislöngum lotum. Þar er lögð áhersla á samþættingu námsgreina og skapandi nám. Í þessum verkefnum fá nemendur meðal annars þjálfun í samskiptum, samvinnu og upplýsingaleit og úrvinnslu upplýsinga í sameiningu.

„Ég lagði könnun fyrir nemendur þegar ég var í framhaldsnámi mínu í Kanada þar sem ég spurði meðal annars hvað þeim fyndist um kerfið og þessa áætlun. Það kom í ljós að þeim fannst þetta skipta mjög miklu máli, sérstaklega sú stund að geta setið með kennaranum sínum og rætt um sig og sitt nám og líðan sína,“ segir Lilja.

Margir af kennaranemum Lilju hafa tekið upp þetta kerfi eða að minnsta kosti brot úr því.

*Hvernig finnst þér skólastarf á Íslandi?*

„Það er mun betra og fjölbreyttara en almenningur heldur. Það er reynsla okkar sem höfum verið að rannsaka íslenskt skólastarf að þegar fólk er spurt um eigin reynslu þá hefur það frá einhverju neikvæðu að segja. En svo þegar það er spurt um kennara frá sinni æsku eða kennara barna þeirra þá er yfirleitt mikil ánægja. Það hafa allir sögur af kennurum sem eru ekki úrvals kennarar en miklu fleiri eiga sögur af góðum kennurum. Skólar á Íslandi eru allavega mun fjölbreyttari en fólk heldur,“ segir Lilja sem hefur mikla trú á ungum kennurum í dag.

> Ég gerði lokaverkefni mitt til kennaraprófs um opna skólastofu og var alveg ákveðin í því að ég ætlaði að reyna að framkvæma það, alveg frá byrjun.



### Þróunin í skólakerfinu hæg

Þróun í átt að framsæknu skólastarfi hefur ekki verið mjög hröð og á það ekki aðeins við um Ísland, nema kannski hjá einstökum skólum og einstökum kennurum. Lilja skrifaði doktorsritgerð þar sem hún velti meðal annars upp þeirri spurningu hvað það væri sem hindraði slíka þróun.

„Ég fylgdi fimm byrjendum í kennslu fyrstu fimm árin þeirra og reyndi að finna út hvernig þeim gengi að verða sá kennari sem þeir ætluðu sér að verða. Ég var satt að segja orðin nokkuð óþolinmóð yfir því hversu hægt þessi þróun hafði gengið,“ segir Lilja.

Hugtakið persónuleg, hagnýt reynsla kennarans var eitt af því sem skýrði niðurstöður Lilju. Það sem segja má að sé einna áhrifamest er 14 ára skólaganga ásamt því hvaða viðhorf gagnvart námi og skólastarfi viðkomandi elst upp við á heimili sínu. Kennaranemar koma síðan með þessa 14 ára reynslu, sem í langflestum tilvikum er hefðbundið skólastarf, inn í kennaranámið. Í kennaranáminu kynnast þeir svo nýjum hugmyndum og kennsluaðferðum sem þeir prófa í æfingakennslu og vettvangsnámi og mótar hugmyndir þeirra um hvernig kennarar þeir vildu verða.

„Niðurstaðan var sú að þegar kennaranemar útskrifast ætla þeir að verða framsæknir og góðir kennarar. En á fyrsta árinu hellist yfir þá alls konar áreiti, skyldur og kröfur. Rannsóknin undirstrikar hversu íþyngjandi þessir erfiðleikar eru á sama tíma og þessir nýliðar eru að reyna að ná tökum á starfinu. Í tímahrakinu sem þeir upplifa grípa þeir gjarnan til þess sem þeir þekkja best, sem er þessi 14 ára reynsla sem þeir hafa sem nemendur. Þetta er nánast orðin líkamleg þekking. Ef ekki er gripið inn í fyrstu þrjú árin til dæmis með stuðningi, símenntun eða leiðsögn einhvers framsækins kennara þá er mikil hætta á að þeir festist í þessu fari.“

Lilja segir að það sé mikið álag og áreiti sem fylgi því að vera einn að kenna 20-25 börnum í einu. Margir nýliðar í kennslu setji nýja þekkingu sína úr kennaranáminu til hliðar í slíkum aðstæðum.

„Eitt af því sem getur spornað við þessu og mikið er kallað eftir í dag er svokölluð teymiskennsla. Kennarar óska eftir því að komast í gott teymi. Það þýðir að kannski tveir umsjónarkennarar eru saman með tvo bekki. Þetta finnst mér gott fyrirkomulag þar sem kennarar bera sameiginlega ábyrgð á námi nemenda, skipuleggja það saman og ræða og velta fyrir sér lausnum,“ segir Lilja. „Það sem við höfum verið að vinna með síðasta árið í kennaranáminu er einmitt það, að leggja áherslu á teymi og teymishugsun, þar sem rætt er um kennsluna, hvernig hún tókst, ræða árangur og árangursleysi og ígrunda saman. Með tvo eða fleiri kennara er hægt að skipta nemendahópnum á milli sín og vera með alls kyns hópaskiptingar. Þannig er hægt að einblína á styrkleika og leggja betur áherslu á það að hver og einn nemandi er einstakur.“

Innovation that excites

# ÞITT ER VALIÐ RAFMAGN EÐA DÍSILL?

**www.nissan.is**




## RAFBÍLL

40kWh RAFHLAÐA - 200–301 KM DRÆGI**

**NISSAN e-NV200, SENDIBÍLL. VERÐ: 4.690.000 KR.**

**TILBOÐSVERÐ: 4.190.000 kr.**

**500.000 kr. afsláttur**

**Einnig fáanlegur í 5–7 sæta útfærslu**

## DÍSILBÍLL

1,5 L DÍSILVÉL, EYÐSLA 4,9 L/100 KM*
5 ÁRA ÁBYRGÐ/160.000 KM

**NISSAN NV200, SENDIBÍLL. VERÐ: 3.390.000 KR.**

**TILBOÐSVERÐ: 2.890.000 kr.**

**500.000 kr. afsláttur**

Nissan kemur sterkur inn sem spennandi lausn fyrir þá sem þurfa sendibíl í millistærðarflokki. NISSAN NV200 og e-NV200 sendibílarnir taka tvö EURO-bretti og eru því hentug stærð fyrir mörg fyrirtæki. Þú getur valið á milli sparneytinnar dísilvélar eða rafbílaútfærslu sem nú hefur fengið stærri og öflugri rafhlöðu sem dregur allt að 200 km í blönduðum akstri og allt að 301 km í innanbæjarakstri.**

Eigum til örfá eintök á einstökum kjörum til afhendingar strax. Komdu í reynsluakstur og kynntu þér fjölmarga kosti Nissan NV200 og e-NV200.

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri. / **200–301 km drægi hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

ENNEMM / SÍA / NM93340

# Að byggja framtíðina

Það er ævintýri að vera í skóla, bæði fyrir börnin sem og þá sem kenna þeim og leiðbeina. Mikil samvinna allra er lykillinn að góðri niðurstöðu og að gera sér grein fyrir fjölbreytileika og mismunandi hæfileikum einstaklinganna. Að rækta þá og þroska á sama tíma og sjóndeildarhringurinn víkkar auk þess sem þeir ná grunnfærni er listin í kennslunni.

Andleg líðan barna okkar er mjög mikilvæg fyrir árangur í skóla og samhengið milli þess er augljóst fyrir þá sem að málum koma, en oft getur verið erfitt að átta sig á vanlíðan þeirra. Umræðan hefur verið sterk og má segja að vakning hafi orðið á undanförnum árum, en það verður að bæta um betur þegar rætt er um einelti, virðingu og félagsleg samskipti einstaklinga sem eru að mótast. Þetta eru atriði sem við foreldrar og skólastjórnendur berum ábyrgð á að sé stöðugt í huga barna okkar og að ekki sé gefinn neinn afsláttur af kærleika og virðingu fyrir náunganum, sama hver hann er, hvað þá hvaðan hann kemur. Sameiginlega byggjum við sterkari einstaklinga og samfélag með þessum hætti. Góður svefn er undirstaða þess að geta tekið við upplýsingum og unnið úr þeim og geymt þær til síðari tíma, sá sem er svefnlaus eða svefnlítill er vanstilltur og pirraður, sem getur haft gífurleg áhrif á umhverfi viðkomandi. Börn á aldrinum 6-12 ára þurfa að jafnaði 10-11 klukkustunda svefn en 12-18 ára eru talin þurfa 9-10 tíma að jafnaði, skynsamlegt er að reyna að fylgja því.

Næring og hreyfing hefur einnig verið umtalsefni undanfarinna ára, við sjáum ofþyngd og hreyfingarleysi haldast í hendur. Börn þurfa mikla næringu á meðan þau eru að vaxa úr grasi, en það þarf að gæta þess að hún sé í jafnvægi. Mikilvægt er að huga að því að kjarngóður morgunverður sé hluti af því að byrja daginn. Streita, álag og tímaskortur foreldra getur ekki verið afsökun fyrir því að börn fái ekki tíma til að borða áður en þau fara af stað að morgni. Þá er öllum hollt að ganga eða hjóla í skólann svo lengi sem veður leyfir. Það styrkir einstaklinginn öllu jöfnu, ýtir undir að hann vakni vel og hafi komið gangverki líkamans af stað auk þess sem hann hefur fengið súrefni sem undirbúning í að takast á við krefjandi verkefni dagsins. Hreyfing og íþróttaiðkun er í dag sem betur fer vel aðgengileg, börnum er víða boðið upp á ferðir til og frá skóla á æfingar og er öllum hollt að stunda einhverjar íþróttir. Óeðlilegur þrýstingur eða of miklar kröfur og æfingaálag er hins vegar neikvætt og lítið uppbyggilegt.

Gott nesti skiptir miklu máli og næringarríkur hádegismatur í skólanum. Við foreldrar treystum því að þeir aðilar sem leggja sig fram um að gefa börnum okkar að borða kappkosti að maturinn sé fjölbreyttur og hollur svo hann henti sem flestum. Slíkt hefur gengið prýðilega, en það má þó aldrei slaka á kröfunum og verða skólastjórnendur og þeir sem bera ábyrgð á því fæði sem framreitt er að vera móttækilegir fyrir uppbyggilegri gagnrýni komi hún fram og bregðast við henni. Samstarf skóla og foreldra er þarna mjög mikilvægt.

Skóli er ekki geymslustaður, heldur mætti líkja honum við krefjandi vinnustað þar sem einstaklingurinn er stöðugt að bæta þekkingu sína og færni auk þess að vera í raun í samkeppni ef nota má það orð með tilliti til framtíðarmöguleika sinna. Nemandinn verður stöðugt að mæta nýjum áskorunum á sama tíma og hann er að mótast líkamlega og félagslega. Ég veit ekki um neinn vinnustað eða verkefni í framtíðinni sem krefst viðlíka. Það má því með sanni segja að á þessum tíma í lífi hvers einstaklings skilum við miklu og flóknu verki og er öllum ljóst að til þess að ná árangri verða undirstöðuatriðin að vera á hreinu. Heilsan í víðasta samhengi er stærsti hluti þess að okkur takist það.

**Skóli er ekki geymslustaður, heldur mætti líkja honum við krefjandi vinnustað þar sem einstaklingurinn er stöðugt að bæta þekkingu sína og færni .**



Teitur Guðmundsson
læknir

Doktor.is

# Bjó til kerfi fyrir nemendur sem leggur áherslu á jákvæð og góð samskipti

**Andri Rafn Ottesen**
faggreinakennari og umsjónarkennari 8. bekkjar í Garðaskóla

Andri Rafn hefur haldið fyrirlestra um hugtakið draumasmiður sem hann fór að tileinka sér í starfi. Þá hefur hann tekið upp skemmtilegt kerfi, „nemandi dagsins“, fyrir nemendur sem snýst um góð og jákvæð samskipti við kennara.

*Kennarar sem draumasmiðir, hvaðan kemur sú pæling?*

Smá forsaga, þegar ég var á fyrsta ári í kennaranámi rakst ég á pælingar frá bandaríska fræðaranum (e. educator) Ritu Pierson. Hún talaði mikið um mikilvægi sambands nemenda og kennara, talaði um að kennsla og nám ætti að veita gleði og ánægju og að allir nemendur eða öll börn ættu að eiga sér fyrirmynd eða mentor, einhvern fullorðinn sem hefði trú á þeim og passaði upp á að viðkomandi gæti komist eins langt og hann vildi.

Þessi orð og skrif Ritu hafa lengi lifað í huga mínum og ég hef reynt að gera mitt besta til að geta orðið mentor fyrir nemendur mína. Eftir eitt vettvangsnám skrifaði ég grein sem hét „Ég bý til ofurhetjur“. Hún fjallaði um að leyfa nemendum að nýta styrkleika sína, þekkja veikleika sína og þora að gera mistök. Það sem unglingar eru sérstaklega hræddir við að gera í dag er að gera mistök, en í þeim felast oft langmesti lærdómurinn.

Draumasmiður er svo hugtak sem ég fór að nota þegar ég fékk tækifæri til að ávarpa samkomu á „Hafðu áhrif“ seinasta vor í Háskóla Íslands. Þar hef ég líkt kennurum við draumasmiði því við fáum í hendurnar nemendur með drauma og óskir og við getum hjálpað þeim að ná þeim markmiðum. Við getum því skapað ofurhetjur því börn með drauma og vonir eru ekkert öðruvísi en ofurhetjur með skikkju og ofurkrafta. Í seinasta mánuði hélt ég aftur sama erindi á opnum fundi um kennaranám og gat því áfram haldið að tala um draumasmiðina.

Hversu flott getur samfélagið okkar orðið ef við útskrifum nemendur úr grunnskólum landsins sem kunna að nýta styrkleika sína, þekkja veikleika sína og þora að gera mistök?

*Er eitthvað sérstakt sem þú hefur tileinkað þér í framkomu við nemendur?*

Ég leik tvö hlutverk í mínu starfi; umsjónarkennari og faggreinakennari. Í grunninn eru þetta sömu atriði sem ég þarf að leggja áherslu á, eins og samskipti, skipulag og þess háttar. Sem faggreinakennari legg ég áherslu á námsefnið, að gera það spennandi og skemmtilegt og þess háttar. En sem umsjónarkennari upplifi ég mun meiri ábyrgðartilfinningu. Sem nýútskrifaður kennari var þetta rosalega stór tilfinning því mér fannst ég allt í einu hafa eignast 23 börn á einu bretti. Ég vissi samt frá upphafi að ég vildi að þau myndu treysta mér, þora að leita til mín ef eitthvað er og nýta tíma minn með þeim þessi þrjú ár.

**Hversu flott getur samfélagið okkar orðið ef við útskrifum nemendur úr grunnskólum landsins sem kunna að nýta styrkleika sína, þekkja veikleika sína og þora að gera mistök?**



Þar sem ég hef lagt áherslu á góð og jákvæð samskipti ákvað ég að búa til „nemandi dagsins“-fyrirkomulagið. Við erum með yndislestur á hverjum degi – 20 mínútur á hverjum degi þar sem nemendur koma í sína umsjónarstofu og lesa – en ég ákvað að nýta frímínúturnar eftir þann tíma. Nemandi dagsins er blað sem hangir uppi á vegg, með vikudögunum. Ég set miða með nafni nemenda á dagana. Það sem nemandi dagsins þýðir er bara einnar mínútu spjall að loknum yndislestri þar sem ég fæ tækifæri til að ræða við ákveðinn nemanda.

Þegar ég byrjaði ákvað ég að láta þetta rúlla gegnum bekkinn, ná einni mínútu með öllum til að kynnast þeim og vita hvernig þeim litist á nýja skólann. Þegar ég var búinn að ná að ræða við alla einu sinni bauð ég nemendum mínum að óska eftir að vera nemandi dagsins. Viðtökurnar voru góðar og margir sem báðu um ákveðna daga og vildu ræða einhverja ákveðna hluti. Síðan hefur þetta þróast þannig að nemendur hafa óskað eftir að ræða tveir og tveir saman við mig eða ég hef sett nemanda á ákveðinn dag til að ræða ákveðið mál eins og til dæmis mætingu, líðan og eitthvað fleira.

Ég trúi því að þetta hafi hjálpað mér að kynnast bekknum hraðar, búið til traust og góðan bekkjaranda.

*Hvað er mikilvægast þegar kemur að kennslu?*

Það er samspil margra þátta, kennsla er samvinnuverkefni kennara og nemenda. Ef kennarinn ætlar að stjórna og nemendur eiga að hlýða verður andrúmsloftið frekar þvingað. Ef kennari leyfir nemendum að taka þátt í eigin námi og leyfir þeim að hafa áhrif á hvað þeir læra og hvernig þeir fá að vinna eða skila verkefnum þá tekst honum að skapa aðstæður þar sem nám fer fram.

Það eru mörg atriði sem eru mikilvæg í kennslu en það að vekja áhuga og forvitni nemenda og skapa umhverfi þar sem nemendur finna fyrir öryggi er ofarlega á listanum. Engir tveir nemendur eru eins og því mikilvægt að leyfa þeim að nýta eigin styrkleika með fjölbreyttu námi og námsmati. Ímyndunaraflið er auðlind og því mikilvægt að virkja það betur.

Að koma fram við nemendur eins og maður vill að þeir komi fram við sig. Að byggja upp traust frá upphafi þannig að maður eigi góð samskipti framvegis. Allt hlutir sem einfalda starfið, en allt svo einföld atriði líka.

Varðandi samskipti, þá skiptir engu máli hvort það er verið að ræða við börn, unglinga eða fullorðna – samskipti hafa áhrif á alla. Hvað er sagt og hvernig hlutirnir eru sagðir eru tvær hliðar á sama peningnum. Eftir því sem börn eldast fara þau að átta sig á sjálfum sér, þróa sjálfsmynd sína og spegla sig í öðrum jafningjum. Samskipti kennara og nemenda eiga að vera uppbyggileg. Kennarar eiga að vera fyrirmyndir og vita betur. Ef það hafa komið langir eða erfiðir dagar hef ég kosið að anda dýpra oftar til að koma í veg fyrir að segja eitthvað sem ég myndi sjá eftir.



# TILVERAN

## Ræðir við nemendur sína um umdeild og viðkvæm álitamál

**Guðrún Ebba Ólafsdóttir**
kennari í Laugalækjarskóla

**Mér finnst nemendur opnir og í rauninni þyrstir þá í að tala við fullorðna um þessi málefni.**



Guðrún Ebba er með diplóma í starfstengdri leiðsögn og þýddi jafnframt handbækurnar Viðkvæm álitamál og nemendur (e. Teaching Controversial Issues). Efni handbókarinnar er upphaflega hluti af aðgerðaáætlun Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um lýðræði og mannréttindi og hefur Guðrún Ebba innleitt það í skólanum.

*Finnst þér notkun efnisins hafa borið árangur?*

Efnið er fyrst og fremst hugsað til að efla kennara til að fjalla um umdeild, viðkvæm álitamál með nemendum. Já, mér finnst þetta hafa borið árangur. Fyrir mig persónulega kannski af því að ég er óhræddari við að tala um erfið málefni við nemendur, til dæmis um klám, hryðjuverk, skotárásir í Bandaríkjunum, MeToo og staðalímyndir svo dæmi séu tekin. Mér finnst nemendur opnir og í rauninni þyrstir þá í að tala við fullorðna um þessi málefni. Þeir fá að viðra hugmyndir sínar án þess að eiga á hættu að vera dæmdir fyrir þær. Og spyrja óhikað erfiðra spurninga á móti.

*Hvernig finnst þér íslenskt skólakerfi í dag?*

Það er margt gott í skólakerfinu í dag. Við erum með börn og unglinga sem mörg hver geta hugsað sjálfstætt og á gagnrýnan hátt. Ég verð alltaf svo glöð þegar nemendur spyrja mig spurninga eins og: „Af hverju erum við að læra þetta?“ Hins vegar má alltaf gera betur. Enn eru skólar að vinna í nýja námsmatinu og mikill skortur á samræmingu.

Það eru margir svo önnum kafnir, þar eru nemendur og foreldrar þeirra ekki undanskilin. Við getum eflt samstarf heimilis og skóla enn betur.



## Fer óhefðbundnar leiðir til að dýpka skilning

**Sveinn Leó Bogason**
stærðfræðikennari í Glerárskóla

**Ég hef verið svo heppinn að hljóta og upplifa stuðning, frelsi og traust frá skólastjórnendunum innan veggja Glerárskóla.**



Sveinn Leó hefur vakið athygli fyrir öðruvísi kennsluhætti í stærðfræði. Hann segir að áhugi sé smitandi og að það skíni í gegn ef kennarar hafa áhuga á viðfangsefnum sínum.

*Hvernig kennsluhætti hefur þú tileinkað þér?*

Í stærðfræðikennslu minni reyni ég að skapa vinnuramma sem nemendur vinna innan. Ramminn er skýr og hvers ætlast er til af nemendum. Nemendur hafa svo frelsi til þess að vinna eins og þeim hentar, en alltaf innan rammans. Með því reyni ég að skapa einhvers konar umhverfi þar sem nemendur fá tækifæri til þess að fara fjölbreytilegar leiðir í námi sínu. Stærðfræðikennsla í gegnum upplýsingatækni hefur meðal annars þann kost að hægt er að nálgast sömu viðfangsefni stærðfræðinnar frá óteljandi mörgum mismunandi hliðum.

Í kennslu reyni ég að byggja grunn á þeim viðfangsefnum sem ætlast er til að nemendur tileinki sér og svo fer ég í óhefðbundnar leiðir til þess að reyna að dýpka skilning nemenda á þeim viðfangsefnum. Mikilvægt er að byggja sterkan stærðfræðilegan grunn áður en vaðið er af stað í fjölbreytilegar kennsluaðferðir. Fyrir mér er upplýsingatækni og margbreytilegar nálganir í stærðfræði leið til þess að fara dýpra og að öðlast frekari þekkingu, til að byggja þekkingarlegan grunn. Með því að gefa nemendum tækifæri til að kynnast fleiri hliðum stærðfræðinnar, til dæmis í gegnum upplýsingatækni, vekur maður og viðheldur stærðfræðilegum áhuga nemenda. Önnur nálgun, sem stendur mér nærri, er einmitt áhugi. Áhugi er smitandi og þegar kennarar sýna viðfangsefnum sínum áhuga smitast það út í nemendahópinn sem gerir það að verkum að nemendur njóta þess að afla sér frekari upplýsinga eða þekkingar. Með því er sigurinn oftar en ekki unninn.

*Hvað finnst þér mikilvægast þegar kemur að kennslu?*

Erfitt er að segja hvað mér þyki mikilvægast í kennslu en skipulag, regluverk, vinnurammi og skýrar leikreglur standa öðru framar ásamt áhuga og vilja til þess að prófa nýja og framandi hluti án þess að vera hræddur um að það mistakist. Mistök í kennslu eru nefnilega gríðarlega mikilvæg og gefa manni tækifæri til þess að lagfæra kennsluaðferðir sínar, skipulag og hreinlega nálgun sína að kennslu, svo lengi sem maður er tilbúinn að læra af þeim.

*Finnst þér gott svigrúm fyrir nýja og unga kennara í dag til að fá frelsi til að skapa eigin aðferðir í kennslu?*

Í mínu tilfelli hef ég fengið svigrúm til þess að prófa nýja hluti og fara út fyrir kassann til þess að skapa mínar eigin aðferðir í kennslu. Það stendur eflaust og fellur með skólastjórnendum í hverjum skóla fyrir sig. Ég hef verið svo heppinn að hljóta og upplifa stuðning, frelsi og traust frá skólastjórnendunum innan veggja Glerárskóla sem ýtir enn frekar undir áhuga minn á því að þróa og bæta mína eigin kennslu. Hið sama má segja um samkennara mína og annað samstarfsfólk sem allt hefur tekið mér og mínum hugmyndum opnum örmum. Það gefur manni mikið.

## Verkefni sem snýr að vellíðan ungmenna

**Anna Sigríður Ólafsdóttir**
prófessor við deild heilsueflingar, íþrótta og tómstunda á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Anna Sigríður Ólafsdóttir er prófessor við deild heilsueflingar, íþrótta og tómstunda á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Hún stýrir íslenska hlutanum af stóru samevrópsku verkefni sem hefur hlotið nær 100 milljóna króna styrk frá Evrópusambandinu til að stuðla að vellíðan ungmenna.

*Út á hvað gengur samevrópska verkefnið UPRIGHT?*

Meginmarkmið þessa samevrópska verkefnis er að stuðla að vellíðan unglinga með því að efla seiglu þeirra og getu til að takast á við krefjandi verkefni unglingsáranna, sem er það tímabil ævinnar sem einkennist af örum breytingum. Verkefninu er jafnframt ætlað að auka vellíðan allra í skólasamfélaginu þar sem kennarar og annað starfsfólk skólanna er lykilpersónur ásamt foreldrum. Það eru augljós merki um aukið áreiti í íslensku samfélagi sem hefur veruleg áhrif á börn og unglinga. Því er áríðandi að finna bjargráð sem veitir þjálfun í sjálfsstjórn og samskiptum. Einnig er mikilvægt fyrir ungt fólk að þekkja eigin gildi, styrkleika og jafnframt takmarkanir. UPRIGHT-verkefnið miðar að því að þróa og prófa námsefni og námsumhverfi sem þjálfar unglinga á aldrinum 12 til 14 ára, kennara og fjölskyldur þeirra við styrkingu sjálfstrausts auk þess að bæta félags- og tilfinningahæfni þeirra, meðal annars í gegnum núvitund. Þrír tilraunaskólar og þrír viðmiðunarskólar á höfuðborgarsvæðinu taka þátt í verkefninu og er þátttaka allra hvort sem þeir taka þátt í tilrauninni eða koma inn sem viðmiðunarskólar til að meta inngripið mjög mikilvæg til að við getum unnið saman að þróun aðferða sem virka í skólastarfi.

*Hefur verkefnið verið unnið í öðrum löndum?*

Já, verkefnið er unnið í fimm Evrópulöndum samtímis. Það er styrkt af Evrópusambandinu sem hluti af Horizon 2020 rammaáætlun ESB fyrir rannsóknir og nýsköpun. Hlutur Háskóla Íslands er tæpar 100 milljónir króna en alls fékk verkefnið styrk sem hljóðar upp á röskan hálfan milljarð króna til fjögurra ára. Við erum þverfaglegt teymi við Háskóla Íslands ásamt sérfræðingum frá Embætti landlæknis sem vinnum að verkefninu að ógleymdu starfsfólki skólanna sex. Fylgjast má með verkefninu á Facebook síðunni Uprightproject.

**Það eru augljós merki um aukið áreiti í íslensku samfélagi sem hefur veruleg áhrif á börn og unglinga.**



# TILVERAN

## WOW air í hópfjármögnun

Tilraun Skúla Mogensen til þess að endurreisa flugfélagið WOW air byggist meðal annars á því að safna allt að 670 milljónum króna í hópfjármögnun. Rætt er um að lágmarksfjárhæð sem verði hægt að leggja til verkefnisins verði um 200-250 þúsund íslenskra króna.

Skúli og helstu lykilstarfsmenn WOW air vinna að því að endurvekja rekstur flugfélagsins. Þeir leita fjármögnunar upp á 40 milljónir dala, jafnvirði um 4,8 milljarða króna, til þess að standa straum af rekstrinum fyrstu misserin.

Helsta fyrirstaða þess að þeim takist ætlunarverkið að mati heimildarmanna blaðsins er sú að tímaramminn sé of þröngur. Vélarnar sem Skúli hyggst taka á leigu muni ekki standa ónotaðar mikið lengur.

**Skúli og helstu lykilstarfsmenn WOW air vinna að því að endurvekja rekstur flugfélagsins.**

## Óásættanleg framúrkeyrsla í borginni

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar segir framúrkeyrslu kostnaðar við framkvæmdir við Mathöllina á Hlemmi óásættanlega og gefur borginni rauða ábendingu í skýrslu sem kynnt var fyrir borgarráði. Þar segir að kostnaður vegna eftirlits með framkvæmdum hafi í öllum tilfellum verið vanáætlaður og svo virðist sem gerðar áætlanir hafi einungis verið til málamynda.

Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins, segir að það sé margt bogið við framkvæmdir á vegum borgarinnar. Útboð skorti, kostnaðaráætlanir séu of lágar og að nú séu þrír eftirlitsaðilar að skoða framkvæmdir borgarinnar.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir úttekt Innri endurskoðunar endurspegla virkt innra eftirlit og að sérstaka athygli veki að í aðeins einni af fjórum framkvæmdum fari niðurstöður fram yfir viðmiðunarmörk.



# Vikan





Skúli Mogensen leggur á ráðin um að endurreisa WOW air, kostnaður við framkvæmdirnar á Mathöllinni á Hlemmi hafa farið upp úr öllu valdi, umhverfis- og auðlindarráðherra boðar vistvæna orku og forseti vor spreytti sig á rússnesku er það sem bar hæst í vikunni.





## Ríkisstjórnin dregur úr losun koltvísýrings

Ríkisstjórnin samþykkti loftslagsstefnu Stjórnarráðsins, sem öll ráðuneyti heyra undir. Í henni felst að kolefnisjafna Stjórnarráðið og ráðuneytin strax á þessu ári og draga úr losun koltvísýrings um 40 prósent fyrir árið 2030.

„Verkefnið felst í rauninni í að fara úr orkukerfum sem nýta jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega, vistvæna orku,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra.

Hann segir að markmiðið með loftslagsstefnunni, sem er liður í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum, sé ekki aðeins að kolefnisjafna starfsemi ráðuneytanna heldur að binda kolefni umfram það sem losað er.

Flug til útlanda skýrir tvo þriðju hluta þeirrar losunar sem verður til við starfsemi Stjórnarráðsins og ráðuneytanna. Lögð verður aukin áhersla á fjarfundabúnað og færri utanlandsferðir.

## Forsetinn talaði rússnesku

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, ávarpaði á rússnesku málstofu í Sankti Pétursborg í Rússlandi með norðurslóðaleiðtogum.

„Ég tala lélega rússnesku, fyrirgefið. Ég hef verið að læra rússnesku í langan tíma. Og ég hef gleymt öllu. En ég get sagt þetta og vil segja það: Það er ekkert meira verðmætt á þessari jörðu en góð vinátta,“ sagði Guðni.

Forsetinn flutti ávarp og svaraði spurningum á sameiginlegri málstofu hans og Vladímírs Pútín, forseta Rússlands, Sauli Niinistö, forseta Finnlands, Ernu Solberg, forsætisráðherra Noregs, og Stefans Löfven, forsætisráðherra Svíþjóðar.

Guðni hitti Pútín í gær ásamt Kristjáni Þór Júlíussyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

**Ég tala lélega rússnesku, fyrirgefið. Ég hef verið að læra rússnesku í langan tíma.**

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands

# Fasteign vikunnar

úr Fasteignablaði Fréttablaðsins













**Einstaklega vel staðsett 295,8 fm einbýlishús á 3 hæðum, með 3 aukaíbúðum ásamt bílskúr að Lynghaga 7 í hjarta Vesturbæjarins. Möguleiki á góðum leigutekjum. Aðalíbúð er 6 herbergja með bílskúr. Aukaíbúðir eru tvær 2 herbergja og stúdíóíbúð. Fallegur garður með mjög góðum geymsluskúr og hellulagt bílaplan. Stutt er í skóla og aðra þjónustu í nágrenni.**


GÓÐU
BAKTERÍURNAR
ELSKA ZENDIUM*
STYRKTU
NÁTTÚRULEGAR
VARNIR MUNNSINS
MEÐ NÁTTÚRULEGUM
ENSÍMUM OG PRÓTÍNUM
zendium
FÉLAG
ÍSLENSKRA
TANNFRÆÐINGA
MÆLIR MEÐ
ZENDIUM
TANNKREMI
*Verulegar breytingar á bakteríuflóru sem stuðlar að heilbrigðara tannholdi samkvæmt 14 vikna klínískri rannsókn á 102 einstaklingum.

# Sjálfsvorkunn



**Kolbrún Bergþórsdóttir**
kolbrunb@frettabladid.is

Það var verulega vandræðalegt að sjá í seinni fréttatíma RÚV, síðastliðið þriðjudagskvöld, myndir af þingmanni Miðflokksins Bergþóri Ólasyni bera sakir af Klausturþingmönnunum í ræðu á sjálfu Evrópuráðsþinginu. Á þinginu mælti Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, formaður laga- og mannréttindanefndar Evrópuráðsþingsins, fyrir þingsályktun um að aðildarríki setji á fót óháða nefnd eða stofnun sem hægt verði að leita til verði starfsmaður þjóðþings fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreitni. Áður hafði verið birt skýrsla þar sem Klausturmálinu var lýst í einni efnisgrein. Af þessu tilefni sá Bergþór ástæðu til að vekja athygli fulltrúa Evrópuráðsþingsins á því sem honum finnst vera ill meðferð á sér og félögum sínum í Klausturmálinu og gaf í skyn að pólitískir andstæðingar nýttu sér málið í pólitískum tilgangi.

Klausturþingmennirnir hafa undanfarið verið æði uppteknir við að vekja athygli á máli sínu, reyndar leggja þeir slíkt kapp á það að furðu hlýtur að vekja því málstaður þeirra er engan veginn góður. Það er ekki viturlegt af þeim að leggjast í útrás til að predika að þeir hafi verið hafðir fyrir rangri sök.

Á Evrópuráðsþinginu sagði Bergþór að handrit af upptökum af samtali þingmanna og myndir úr upptökuvélum sýndu aðra mynd en haldið hefði verið að fólki. Ekki útskýrði þingmaðurinn það nánar. Fyrst hann var á annað borð að vekja athygli þingsins á málinu hefði mátt ætla að hann myndi rekja hvað það er nákvæmlega sem er svo mikið öðruvísi þar en haldið hefur verið fram. Hvað í atburðarásinni er svo mikilvægt að það setji orðin sem féllu á barnum í garð kvenna í algjörlega nýtt samhengi og geri þau nánast merkingarlaus? Hafi þingmaðurinn séð myndir úr upptökuvélum ætti hann að eiga auðvelt með að útskýra hvað hann á við og fræða þá Evrópuráðsþingið sem og íslensku þjóðina.

Þórhildur Sunna var sannur þjóðarsómi þegar hún svaraði Bergþóri fullum hálsi og röggsamlega með orðunum: „Kæru félagar, skýrslan er byggð á pólitískum hvötum, en ekki til þess að ráðast á Bergþór heldur til að ráðast á það pólitíska umhverfi þar sem konur er hafðar út undan, þær niðurlægðar eða hlutgerðar á grundvelli kyns. Það er pólitík sem ég er stolt af að tala fyrir.“ Fyrir þessi orð sín uppskar Þórhildur Sunna vitanlega mikið klapp þeirra sem voru í salnum.

Allt frá því Klausturmálið kom upp hafa þingmennirnir sem voru á barnum ekki sýnt vott af iðrun. Þeir virðast trúa því staðfastlega að þeir hafi ekki gert neitt sérstaklega mikið af sér og sjá óvini í öllum hornum og telja sig fórnarlömb viðamikils samsæris. Einn í þessum hópi mætir síðan á Evrópuráðsþingið og ber sakir af sér og félögum sínum. Þessi ferð hans á þingið var mikil sneypuför, eins og sjá má á myndbandsupptökum. Klausturþingmenn verða að láta af hjákátlegri sjálfsvorkunn ætli þeir sér ekki að verða enn frekar að alþjóðlegu athlægi.

**Það er ekki viturlegt af þeim að leggjast í útrás til að predika að þeir hafi verið hafðir fyrir rangri sök.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Bára í búri**

**Erla Hlynsdóttir, framkvæmdastjóri Pírata, gaf tóninn í nýjum hlaðvarpsþáttum Pírata sem þau kalla PírApinn en þar er hugmyndin að hver sem vill og telur sig geta sýni hvað í honum býr á eigin forsendum. Erla reið á vaðið með viðtali við hljóðritarann Báru Halldórsdóttur og í raun ekki heiglum hent að fylgja í kjölfarið þar sem Erla var einhver skarpasti og djarfasti blaðamaður landsins áður en hún tók að sér að halda utan um Pírata. Erla fékk það meðal annars upp úr Báru að í sumar ætli hún að bjóða upp á gjörning þar sem hún ætlar að athafna sig í búri til þess að sýna fram á þröngva stöðu öryrkja. Áhugaverð hugmynd en líklega hefðu Klaustursþingmennirnir sem Bára hljóðritaði kosið að hún hefði læst sig inni í búri miklu fyrr.**

**Endurfundir**

**Erla og Bára eiga sér merkilega sögu þegar horft er til baka eftir Klaustursfokkið en Erla tók einmitt fyrsta viðtalið við Báru um veikindi hennar í Fréttatímanum 2013. Þá höguðu framsýnar örlaganornirnar því þannig að Bára prýddi forsíðu blaðsins ásamt Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, æðsta kardínálanum af Klaustri, sem þá var valinn maður ársins. Síðan liðu nokkur ár og Bára var víða valin manneskja ársins 2018.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# Fullveldi



**Bjarni Már Magnússon**
dósent við lagadeild HR

Um þessar mundir heyrast háværar raddir sem telja að alþjóðasamstarf sæki að fullveldinu. Þessar hugmyndir standast ekki.

Allar götur síðan 1923 hafa alþjóðadómstólar reglulega hafnað sjónarmiðum um að líta beri á alþjóðlegar skuldbindingar ríkis sem skerðingu á fullveldi þess. Þeir hafa bent á að ákvörðun um að taka á sig alþjóðlegar skuldbindingar feli í sér beitingu fullveldisréttar, s.s. að gerast aðili að samningum sem setja á laggirnar alþjóðastofnanir og að fallast á skyldubundna lögsögu alþjóðlegs dómstóls. Grundvallarhugsunin er að fullvalda ríki getur ákveðið að setja sér sjálft takmörk. Fullveldishugtakið er í þessum skilningi eins og lögræðishugtakið. Þeir samningar sem eru nú í brennidepli (EES og MSE) hafa verið innleiddir í íslenskan landsrétt og því enn minni ástæða en ella til að ætla að þeir fari gegn fullveldinu.

Hugtakið fullveldisframsal er oft notað í umræðunni um alþjóðamál hérlendis um það þegar ríki tekur á sig þjóðréttarlegar samningsskuldbindingar. Heppilegra er að ræða um framsal valdheimilda frekar en fullveldisframsal þar sem það felst í fullveldi ríkja að geta framselt ríkisvald til alþjóðastofnunar. Einn af göllum stjórnarskrárinnar er að hún endurspeglar ekki þennan veruleika. Leiðtogar Íslendinga í samningaviðræðunum við Danmörku um sambandslögin skildu fullveldishugtakið með þeim hætti sem að ofan greinir sem og Ólafur Jóhannesson fv. forsætisráðherra. Árið 1962 benti Ólafur á að „[s]kuldbindingar ríkja gagnvart alþjóðastofnun munu því oftast nær engu skipta um formlegt fullveldi ríkis.“ Sömu hugmyndir sjást í mörgum kennsluritum í þjóðarétti.

Hernám Breta árið 1940 er eina tilvikið þar sem fullveldi Íslands hefur verið skert. Vegna aðildar Íslands að NATO og tvíhliða varnarsamnings við Bandaríkin er slíkt utanaðkomandi inngrip í fullveldi Íslands ólíklegra en fyrir tæplega 80 árum. Ef það er eitthvað sem ógnar fullveldishugtakinu í samtímanum þá eru það þær hugmyndir að alþjóðasamstarf sem Ísland tekur þátt í skerði fullveldið. Allar tilraunir til að sneiða burt alþjóðlegar hliðar fullveldishugtaksins eru sérlega varasamar fyrir ríki sem reist hefur tilvist sína á milliríkjasamningum og alþjóðlegri samvinnu. Alþjóðasamstarf er hluti fullveldisins.

**Ef það er eitthvað sem ógnar fullveldishugtakinu í samtímanum þá eru það þær hugmyndir að alþjóðasamstarf sem Ísland tekur þátt í skerði fullveldið.**

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Falklandseyjastríðið og fiskur

Í DAG



Þorvaldur Gylfason



Stanley, Falklandseyjum – Einn atburður gnæfir yfir alla aðra í lífi fólksins hér á Falklandseyjum og það er Falklandseyjastríðið 1982. Í því stríði týndu 900 manns lífinu, 650 Argentínumenn og 250 Bretar, ekki bara til að verja 1.800 íbúa eyjanna heldur einnig rétt heimsins alls til að standa gegn landvinningum í krafti ofbeldisfullrar innrásar óvinahers. Sumir heimamenn telja að færri Argentínumenn en 650 hafi látið lífið í stríðinu því Argentínuher hafi lætt inn í bókhaldið nöfnum sumra þeirra sem herinn hafði áður svæft og fleygt út úr flugvélum yfir Suður-Kyrrahafi. Ungabörnum fórnarlambanna var sumum haldið eftir handa sérstakri leyniskrifstofu hersins sem afhenti þau barnlausum hershöfðingjum til ættleiðingar.

Stríðið kostaði herforingjana völdin og frelsið. Þeim var mörgum stungið inn en þeir voru síðar náðaðir.

Argentína hefur búið við lýðræði frá 1983 og gerir enn tilkall til Falklandseyja þótt 99,8% íbúanna hafi í þjóðaratkvæðagreiðslu 2013 lýst sig fylgjandi óbreyttu sjálfstjórnarsambandi við Bretland. Argentínskar bullur heimsækja eyjarnar annað veifið og gera sér leik að því að láta ófriðlega á börunum í Stanley líkt og nasistar í gyðingahverfum. Ein hugmyndin sem Argentínuher ræddi 1982 var að myrða alla íbúa eyjanna til að losna við þá alla á einu bretti.

**Þegar lífsháski vísar veginn**

Líf fólksins á eyjunum hékk á bláþræði þessar haustvikur frá apríl fram í júní 1982, vikur sem enginn heimamaður getur gleymt og ekki heldur afkomendur þeirra. Þeim finnst þeir standa í djúpri þakkarskuld við Breta og þá sérstaklega við Margréti Thatcher forsætisráðherra sem tók af skarið og sendi brezk herskip á vettvang. Fram að stríði höfðu fiskveiðar rutt sér til rúms við hlið landbúnaðar sem mikilvægur atvinnuvegur, en þeim var illa stjórnað. Hver sem er gat mokað upp fiski án endurgjalds. Erlendir útvegsmenn gengu á lagið.

**Sjávarútvegur veldur engri úlfúð og engum ágreiningi á Falklandseyjum enda hefur enginn fengið að njóta forréttinda umfram aðra í sjávarútvegi.**

Það var eins og lífsháskinn 1982 vekti eyjaskeggja af værum blundi. Þeir ákváðu 1986 að taka sér tak, m.a. með því að vernda fiskstofnana innan 200 mílna landhelgi kringum eyjarnar með hagkvæmum og réttlátum fiskveiðistjórnarháttum.

Nú er komin rösklega 30 ára reynsla á þá skipan sem íbúarnir komu sér upp. Þeir selja réttinn til að veiða innan landhelgi eyjanna frekar en að úthluta honum ókeypis. Þeir selja réttinn jafnt erlendum sem innlendum útgerðum, enda telja þeir óheimilt skv. alþjóðalögum að mismuna mönnum eftir þjóðerni. Sjávarútvegurinn varð þannig að mikilvægasta atvinnuvegi íbúanna og stendur nú á bak við um helming landsframleiðslunnar. Fyrstu 20 árin námu tekjurnar af veiðigjöldunum um 10.000 pundum (1,6 mkr.) á ári á hvert mannsbarn á eyjunum. Síðustu ár hafa veiðigjaldstekjurnar verið um þriðjungi minni en áður en þær halda þó áfram að skipta sköpum.

Þetta er kjarninn í þeirri skipan sem Alþingi hefur verið brýnt til að taka upp allar götur frá því árin eftir 1970. Alþingi kaus sem kunnugt er að þóknast heldur sérhagsmunum.

**Fiskvernd án mismununar**

Sjávarútvegur veldur engri úlfúð og engum ágreiningi á Falklandseyjum enda hefur enginn fengið að njóta forréttinda umfram aðra í sjávarútvegi. Útvegurinn hér suður frá lifir í sátt og samlyndi við fólkið, landbúnað, ferðaútveg og aðra atvinnu.

Eyjaskeggjar leggja rækt við náttúruvernd. Allar dýrategundir eru friðaðar nema fiskurinn í sjónum, rollurnar og ein gæsategund sem fjölgar sér hratt. Mikilvægasta fisktegundin innan lögsögu eyjanna er smokkfiskur sem nemur um 75% af fiskaflanum og síðan tannfiskur og skyldar tegundir. Milljón mörgæsir fá nú að vera í friði, en fita úr þeim var á fyrri tíð notuð m.a. til lampalýsisgerðar. Hvalveiðar eru stranglega bannaðar. Eyjaskeggjar hvá nema þeir súpi hveljur þegar þeim er sagt að til sé land norður í höfum þar sem hvalveiðar eru varðar m.a. með þeim rökum að hvalurinn keppi við útvegsmanninn um æti.

Veiðigjöldin halda ekki aðeins uppi góðum lífskjörum með lágum sköttum heldur draga þau einnig úr þörfinni fyrir hvalveiðar og önnur náttúruspjöll.

**Fiskur engin fyrirstaða**

Á Falklandseyjum eru engir stjórnmálaflokkar heldur eru þingmenn kjörnir persónukjöri, allir átta.

Íbúarnir telja sig ekkert hafa að gera með eigin gjaldmiðil nema bara að nafninu til. Falklandseyjapundið er rígbundið við brezka pundið í hlutfallinu 1:1. Fiskur er þar engin fyrirstaða fastgengis, ekki frekar en í Færeyjum og á Grænlandi þar sem heimamyntin er með líku lagi rígbundin við dönsku krónuna í hlutfallinu 1:1.

ÍSLENSKI LÍFEYRISSJÓÐURINN

## Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins verður haldinn föstudaginn 3. maí 2019 kl. 17:00 í aðalútibúi Landsbankans Austurstræti 11.

**Allir sjóðfélagar og rétthafar eiga rétt til setu á ársfundinum.**

**Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum sjóðsins:**

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
4. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum þurfa að berast stjórn með skriflegum hætti tveimur vikum fyrir ársfund. Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn með skriflegum hætti viku fyrir ársfund. Framboðum aðalmanna til stjórnar skal skila inn til stjórnar viku fyrir ársfund. Að þessu sinni verða kosnir tveir aðalmenn til þriggja ára og einn aðalmaður til tveggja ára. Tillögur og framboð skulu berast til stjórnar Íslenska lífeyrissjóðsins, Austurstræti 11, 101 Reykjavík. Tillögur að breytingum á samþykktum og framboð til stjórnar verða birt á vefsvæði sjóðsins, islenskilif.is.

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins hvetur sjóðfélaga til þess að mæta. Allar nánari upplýsingar má nálgast hér á vef sjóðsins eða hjá Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans í síma 410 4040.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook





# Sundferð á skiptimiða



**Dóra Magnúsdóttir**
formaður framkvæmdastjórnar sjúkrasjóðs VR



> **Hún sparaði aurinn eins og hennar kynslóð gerði niður á hvern einasta aur, en ég spara tímann eins og mín kynslóð gerir niður á hverja einustu sekúndu.**

Ég skellti mér í sund nýlega, marði 500 metra og datt oní heita pottinn á núll einni á milli skutlskipulags barna minna. Einu barni var skutlað í skólahljómsveit og ég hafði smátíma áður en ég sótti annað barn af æfingu. Tíminn var takmarkaður. Nú tek ég fram að börnin eru ósköp dugleg að nota strætó og hjóla en stundum er skutlið óhjákvæmilegt. Þar sem ég reyndi að ná andanum í bílnum eftir stressandi hraðhreyfingu varð mér hugsað til hennar Jónu gömlu, ömmu vinar míns, sem var svo hagsýn að hún endasentist reglulega heiman frá sér í Hlíðunum í sund á skiptimiða. Hún marði 200 metrana og stutta pottdýfu og notaði bara einn strætómiða til ferðarinnar. Líkt höfðumst við að; hún sparaði aurinn eins og hennar kynslóð gerði niður á hvern einasta aur, en ég spara tímann eins og mín kynslóð gerir niður á hverja einustu sekúndu. Hvorug að lifa og njóta.

Ég er svo sannarlega ekki ein í þessu stressi þó við séum ekki allar að berjast við sekúndur í sundi. Ein afleiðing breyttrar samfélagsgerðar er sú að sífellt fleiri konur komast í þrot. Vísbendingarnar má finna í hérlendum og erlendum rannsóknum, sjúkrasjóðurinn Virk bendir á að konur eru í miklum meirihluta þeirra sem detta út af vinnumarkaði vegna kulnunar og sjúkrasjóðir landsins segja allir sömu sögu; það hefur orðið gríðarleg fjölgun á veikindatilfellum kvenna með geðrænan vanda sem rekja má til sjúklegrar streitu og kulnunar.

Með auknu jafnrétti á vinnumarkaði hefur ekki verið reiknað inn í jöfnuna að það þarf að sinna heimili og börnum og sýnt hefur verið fram á að konur verja meiri tíma í heimilisstörf, skutl, umönnun barna og aldraðra foreldra og fleiri þætti en karlar þó þeir hafi oft ákveðna hluta heimilisstarfa á sinni könnu. Sá þáttur sem nú hefur verið dreginn inn í stóru myndina hefur loksins fengið viðeigandi heiti sem er „þriðja vaktin“ sem er andlega álagið (emotional burden) sem konur bera uppi að langmestu leyti við að halda úti skipulagningu allra þátta. Það felast engar eiginlegar framkvæmdir í þriðja álaginu. Fyrir þau sem ekki eru að kveikja eru hér nokkur stikkorð: skipuleggja afmæli barnanna, koma börnunum í afmæli og kaupa afmælis- og jólagjafir fyrir alla, skráningar og undantekningar vegna tómstundastarfs, mótskráning, skipulagning námskeiða í sumarfríum, samskipti við kennara í leikskólum og grunnskólum, heyra reglulega í ömmu og afa, bólusetningar og annað eftirlit hjá læknum, tryggja örugga birgðastöðu morgunkorns, mjólkur og strætómiða hverju sinni, klipping, samskipti við heilsugæslu og eftirlit hjá læknum. Listinn er ótæmandi. Afsakanir eins og „konan mín treystir mér ekki til að sjá um þetta“ heyrast, konur vilji ekki gefa þetta skipulag eftir og karlar séu bara ekki eins góðir í þessu öllu saman. En auðvitað er það bara bull, rétt eins og að karlar geti ekki lært á þvottavél.

Áður fyrr þótti það óhugsandi að karlar tækju þátt í heimilisverkum (önnur vaktin) en það hefur breyst mikið og víða sinna karlar heimilisstörfum til jafns við konur þó svo að tíminn sem konur nýta í þessi störf mælist enn töluvert meiri. Við sem samfélag erum á réttri leið. Næsta skref er að við áttum okkur á því andlega álagi sem felst í þriðju vaktinni og að fólk taki höndum saman um að deila verkefnum og ábyrgð og koma þannig í veg fyrir áframhaldandi kulnun kvenna. Grunnforsenda þessara mikilvægu samfélagslegu breytinga er stytting vinnuvikunnar sem er mikilvægur þáttur í kröfugerð VR og fleiri stéttarfélaga. Íslendingar vinna einna mest allra í Evrópu og eiga einnig hlutfallslega fleiri börn en flestir Evrópubúar. Á sama tíma gerir fólk, ekki síst konur, miklar kröfur um dugnað á vinnustað, endurmenntun, falleg heimili, hollan mat og eldamennsku, reglubundna hreyfingu, félagsstarf og regluleg samskipti við gamla vini þrátt fyrir allt álagið. Eitthvað hlýtur að gefa sig og það eru fyrst og fremst konur sem hafa tekið höggið af þessum samfélagsbreytingum. Tvær lausnir eru í boði. Önnur er aukið jafnrétti inn á heimilunum samhliða meðvitund um bæði aðra og þriðju vaktina og að andlega skipulagsálagið sé afar streituvaldandi. Hin lausnin er stytting vinnuvikunnar en margsinnis hefur verið bent á að styttri vinnuvika eykur afköst og starfsánægju. Við sem samfélag þurfum að horfast í augu við hin klassísku sannindi að það tekur tíma að sinna vinnu og þörfum heimilis og einkalífs og að þessari byrði verður að dreifa jafnar. Það er nefnilega ekki hægt að lifa og njóta á skiptimiða.



# PIER



NAGAON stóll, ljóst áklæði
~~59.900,-~~ 29.950,-

NAGAON stóll, blátt áklæði
~~59.900,-~~ 29.950,-

JACQUARD stóll
~~79.900,-~~ 47.940,-

ROYAL stóll
~~69.900,-~~ 48.930,-

THEA, svart stell
4 hlutir á 1.000 kr.*





NICKOLIE stóll
~~79.900,-~~ 55.930,-

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF
HÆGINDASTÓLUM
MIKIÐ ÚRVAL AF STÓLUM

*Ný sending!*



CERED hliðarborð,
stærra: D60xH62, 12.990,-
Minna: D37xH50, 7.990,-



MARBRE hliðarborð,
L50xW38xH56, 9.990,-



BIZERTE hliðarborð,
2 í setti 19.990,-



ZABAR hliðarborð,
D46xH52 6.990,-

**www.pier.is**

SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS

Gildir 11. - 17. apríl. *Gildir ekki með öðrum tilboðum.

# Akureyri – öll lífsins gæði en ekki lengur



**Hjörleifur Hallgríms**
eldri borgari, fæddur og uppalinn á Akureyri

Á síðu Akureyrarbæjar hefur í nokkurn tíma staðið setningin „Akureyri – öll lífsins gæði“ en hefur nú verið fjarlægð af síðunni. Hvað veldur er án skýringar en undanfarið hefur Gunnar Gíslason bæjarfulltrúi kvartað yfir, að sönnu, hvað íbúafjölgun hefur verið rýr, eða með allra minnsta móti t.d. miðað við mörg fyrri ár. Síðustu mælingar á íbúafjölda sýna að Akureyri er búin að missa fjórða sætið af fjölmennustu bæjarfélögum landsins og fallin niður í það fimmta úr fjórða en Reykjanesbær hefur haft betur. Og þó að formaður bæjarráðs, Guðmundur Baldvin, segi að bæjarstjórn missi ekki svefn vegna þessa veit ég sem fæddur og uppalinn Akureyringur að metnaður er mikill hjá bæjarbúum og marga svíður. Þessi undurfallegi bær getur nefnilega verið gjöfulli og eftirsóttari til búsetu, ekki síst ef haldið væri manneskjulegar á málum af bæjarstjórninni en raun ber vitni því af mörgu og skynsamlegu er að taka.

## Nokkrar skýringar

Því miður eru dæmi um að fjölskyldur hafa verið hraktar úr bænum fyrir tóma vitleysu og ráðríki einstakra manna. Vil ég þar fyrst til nefna fólkið sem hafði átt hús sem kallað er Steinnes og hafði búið þar í um þrjátíu ár en var sagt af alsjáandi auga skipulagsins að húsið þyrfti að víkja fyrir uppbyggingu íþróttasvæðis, sem auðvitað var tómt rugl og flóttafólk frá Sýrlandi var sett þar inn. En fyrrverandi íbúar hröktust til Hafnarfjarðar þar, sem vel var tekið á móti þeim. Annað dæmi og öllu ljótara var er forstöðumaður hvítasunnukirkjunnar Snorri Óskarsson, sem var kennari við Barnaskóla Akureyrar, var hrakinn úr bænum þar sem hann fékk ekki orðið neitt starf sem kennari. Ástæðan var að sögn Snorra að hann hafði túlkað setningu úr Biblíunni um samkynhneigð á samfélagsmiðli en alls ekki í kennslustund fyrir nemendur. Það gekk svo langt að sögn Snorra að gerð var aðför að honum í skólanum og hann leiddur út úr miðri kennslustund af forsprökkum aðfararinnar, þeim Loga Má Einarssyni þáverandi bæjarfulltrúa og nú formanni Samfylkingarinnar, og Gunnari Gíslasyni með dyggri aðstoð lögmanns Akureyrarbæjar, hinni röggsömu Ingu Þöll Þórgnýsdóttur. Þess má svo að lokum geta að leikskóla, sem hafði verið til húsa í húsnæði við hlið Hvítasunnukirkjunnar, var lokað í framhaldinu, ekki er vitað hvers vegna.

**Er nokkur furða að fjölgi ekki meira í bænum en raun ber vitni?**

## Þegnunum mismunað

Húsbyggjendum á Akureyri hefur líka verið herfilega mismunað og hefur þá engu skipt hvort um leigulóð eða eignarlóð hefur verið um að ræða og virðast peningamenn jafnvel hafa haft nokkurn forgang. GREIÐSLUR? Dæmi eru um að innan við 50% íbúa við Aðalstræti mótmæltu byggingu húss með fjórum litlum ca. 45 fm íbúðum og báru við bílastæðaleysi og alsjáandi auga skipulagsráðs gleypti við þessu og neitaði endurupptöku á forsendum þess að ekkert hefði breyst en sannleikurinn er sá að Aðalstræti á þessum kafla hafði verið gert að einstefnu svo öll bílaumferð varð allt önnur. Grunur leikur á að sakir kunningsskapar og þess að húsin sunnan við umrædda lóð hafa engin bílastæði þá séu stæðin framan við Aðalstræti 12b notuð af öðrum en eigendum lóðarinnar. Það er ekki öll vitleysan eins því svo að tekið sé annað dæmi af þremur þá fór lóðin Hafnarstræti 26 ekki í grenndarkynningu eins og Aðalstræti 12b heldur var lítil auglýsing neðst á síðu í Dagskránni svokölluðu falin þar og þar af leiddi að örfáir tóku eftir henni. Á lóðinni Hafnarstræti 26 er verið að reisa 36 íbúðir og ekki næg bílastæði fyrir allar íbúðirnar en þá er sagt að alsjáandi auga skipulagsráðs muni bara taka heila byggingarlóð rétt norðan við undir bílastæði og málið er leyst. Þriðja tilfellið í mismununinni er svo háhýsabyggðin við Drottningarbrautina þar, sem um 80% íbúanna við gömlu húsin við Hafnarstræti, sem standa á bak við nýbyggingarnar mótmæltu en ekkert var gert með það. Þess má geta að fólkið í gömlu húsunum sér nú hvorki fallega Pollinn né Vaðlaheiðina.

## Leikskólamálin og fleira

Leikskólamálin á Akureyri hafa verið í slíkum ólestri og ekki batnaði ástandið við lokun leikskólans við Hvítasunnukirkjuna og nokkur dæmi eru um að mæður hafi þurft að sækja í nærliggjandi sveitarfélög með aðstöðu fyrir börn sín og þar af leiðir að ekki hefur verið mjög fýsilegt fyrir t.d. ungt aðkomufólk með börn að flytjast til Akureyrar. Svo kemur líka annað til, að eftir leiguhúsnæði, sem fólk vildi komast í allavega til bráðabirgða og bærinn býður upp á, er hvorki meira né minna en fjögurra ára bið þó ég viti sannanlega til að ættingjar eða góðir kunningjar úthlutunarfólks þurfi ekki að bíða jafnvel nema nokkrar vikur.

Annað af nýjustu dæmum úr bæjarlífinu er að þrír athafnamenn tóku af skarið með að stækka flugstöðina og einn af þeim, Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, hefur boðist til að byggja viðbygginguna. Þá varð mér hugsað til alls fjáraustursins, eða hálfs milljarðs, fimm hundruð milljóna, sem var framúrkeyrsla við Listasafnið sem auðvitað á eftir að útskýra en talið er að aðeins helmingur af þeirri framúrkeyrslu hefði nægt til að reisa viðbygginguna.

Og að síðustu eru allra nýjustu fréttir þær að bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt að skerða húsnæðisbætur verulega til þeirra sem jafnvel minnst mega við skerðingunni. Er nokkur furða að fjölgi ekki meira í bænum en raun ber vitni?

# Endalok vestrænna áhrifa



**Helgi Steinar Gunnlaugsson**
eigandi Kínverskrar ráðgjafar

| 343 | 5791 | 10228 | 14687 | 19058 | 25146 | 30510 | 36107 | 40793 | 46031 | 49699 | 56087 | 61631 | 66234 | 70148 | 75345 | 79130 |
| 657 | 5947 | 10321 | 14853 | 19170 | 25232 | 30814 | 36133 | 40833 | 46038 | 49901 | 56295 | 61731 | 66302 | 70239 | 75383 | 79237 |
| 738 | 6123 | 10604 | 14962 | 19176 | 25319 | 30834 | 36352 | 40856 | 46058 | 49982 | 56501 | 61750 | 66390 | 70506 | 75438 | 79286 |
| 831 | 6190 | 10664 | 15004 | 19454 | 25338 | 30941 | 36502 | 40962 | 46101 | 50045 | 56535 | 61978 | 66571 | 70579 | 75584 | 79395 |
| 933 | 6205 | 10766 | 15077 | 19887 | 25522 | 30979 | 36515 | 41711 | 46105 | 50149 | 56557 | 62070 | 66598 | 70613 | 75787 | 79797 |
| 975 | 6309 | 10851 | 15282 | 19945 | 25701 | 31228 | 36547 | 41952 | 46128 | 50488 | 57113 | 62093 | 66659 | 70633 | 75806 | 79812 |
| 1388 | 6407 | 11699 | 15418 | 20041 | 25966 | 31634 | 37157 | 41989 | 46245 | 50967 | 57139 | 62437 | 66772 | 70766 | 76054 | 79818 |
| 1404 | 6419 | 11737 | 15419 | 20263 | 25975 | 31904 | 37159 | 42048 | 46381 | 51061 | 57293 | 62608 | 66866 | 70809 | 76104 | 79821 |
| 1630 | 6502 | 11766 | 15644 | 20351 | 26046 | 31927 | 37290 | 42222 | 46387 | 51184 | 57350 | 62621 | 67388 | 70882 | 76117 | 79866 |
| 1771 | 6523 | 11842 | 15646 | 20549 | 26048 | 31969 | 37350 | 42260 | 46484 | 51215 | 57695 | 62880 | 67482 | 70977 | 76162 | |
| 1908 | 6672 | 11880 | 15764 | 20624 | 26086 | 32125 | 37520 | 42365 | 46485 | 51487 | 57841 | 62955 | 67581 | 71360 | 76248 | |
| 2106 | 6765 | 11915 | 15845 | 20842 | 26155 | 32411 | 37627 | 42454 | 46558 | 51634 | 57992 | 62977 | 67624 | 71378 | 76252 | |
| 2184 | 6778 | 12216 | 16012 | 20926 | 26345 | 32423 | 37681 | 42460 | 46561 | 51739 | 58147 | 63080 | 67641 | 71395 | 76296 | |
| 2215 | 7186 | 12320 | 16015 | 21043 | 26609 | 32465 | 37835 | 42522 | 46618 | 51784 | 58325 | 63256 | 67661 | 71430 | 76326 | |
| 2270 | 7273 | 12372 | 16304 | 21095 | 26819 | 32485 | 37859 | 42565 | 46723 | 51833 | 58345 | 63332 | 67748 | 71529 | 76413 | |
| 2541 | 7275 | 12455 | 16356 | 21365 | 26851 | 32492 | 37950 | 42574 | 46817 | 51888 | 58379 | 63343 | 67780 | 71607 | 76443 | |
| 2622 | 7369 | 12542 | 16403 | 21408 | 26872 | 32625 | 38045 | 42777 | 46822 | 52059 | 58481 | 63747 | 67784 | 71877 | 76458 | |
| 2661 | 7410 | 12605 | 16477 | 21466 | 27018 | 32685 | 38087 | 42944 | 47034 | 52223 | 58551 | 63769 | 67838 | 72140 | 76492 | |
| 2685 | 7810 | 12617 | 16676 | 21832 | 27022 | 33020 | 38248 | 43060 | 47127 | 52629 | 58649 | 63795 | 67850 | 72731 | 76518 | |
| 2819 | 7847 | 12734 | 16733 | 21833 | 27111 | 33290 | 38269 | 43209 | 47192 | 52660 | 58723 | 63867 | 67881 | 72741 | 76564 | |
| 3083 | 7948 | 12839 | 16877 | 21909 | 27702 | 33450 | 38340 | 43274 | 47671 | 52727 | 58731 | 63934 | 67911 | 72845 | 76566 | |
| 3151 | 8004 | 12956 | 17144 | 21911 | 27717 | 33483 | 38473 | 43298 | 47672 | 52964 | 58781 | 64080 | 67971 | 72971 | 76674 | |
| 3214 | 8065 | 12972 | 17172 | 21972 | 27857 | 33602 | 38489 | 43322 | 47833 | 53072 | 58984 | 64081 | 68005 | 73021 | 76898 | |
| 3335 | 8213 | 13028 | 17256 | 22584 | 27971 | 33678 | 38659 | 43413 | 47922 | 53142 | 59060 | 64217 | 68334 | 73086 | 76941 | |
| 3727 | 8313 | 13029 | 17356 | 22717 | 28177 | 33798 | 38722 | 43485 | 48117 | 53223 | 59087 | 64233 | 68532 | 73100 | 77021 | |
| 3770 | 8409 | 13121 | 17439 | 22845 | 28279 | 33968 | 38800 | 43617 | 48176 | 53236 | 59258 | 64250 | 68624 | 73244 | 77087 | |
| 3859 | 8484 | 13318 | 17482 | 22917 | 28532 | 33993 | 38966 | 43625 | 48240 | 53265 | 59346 | 64640 | 68682 | 73281 | 77241 | |
| 4265 | 8525 | 13419 | 17679 | 22971 | 28631 | 34052 | 38972 | 43746 | 48302 | 53267 | 59511 | 64896 | 68703 | 73374 | 77253 | |
| 4346 | 8578 | 13469 | 17695 | 22979 | 28641 | 34153 | 39217 | 43802 | 48372 | 53379 | 59574 | 64931 | 68736 | 73382 | 77624 | |
| 4705 | 9008 | 13503 | 17714 | 23017 | 28657 | 34299 | 39222 | 43857 | 48525 | 53922 | 59731 | 65163 | 68777 | 73490 | 77681 | |
| 4814 | 9077 | 13701 | 17718 | 23251 | 28819 | 34327 | 39242 | 44200 | 48625 | 54309 | 60047 | 65360 | 68813 | 73652 | 77786 | |
| 4882 | 9389 | 13736 | 17801 | 23407 | 28876 | 34417 | 39447 | 44573 | 48676 | 54395 | 60087 | 65526 | 68845 | 73839 | 77816 | |
| 5030 | 9510 | 13792 | 17819 | 23561 | 28970 | 34448 | 39605 | 44729 | 48694 | 54781 | 60163 | 65563 | 68991 | 74102 | 77839 | |
| 5052 | 9613 | 13851 | 17873 | 23661 | 28971 | 34701 | 39744 | 44891 | 48751 | 54810 | 60339 | 65612 | 69096 | 74143 | 78120 | |
| 5081 | 9692 | 13948 | 17921 | 23740 | 29007 | 34840 | 39754 | 44892 | 48784 | 55307 | 60522 | 65727 | 69183 | 74210 | 78200 | |
| 5177 | 9727 | 14015 | 18004 | 23743 | 29012 | 35319 | 39992 | 45063 | 48839 | 55459 | 60709 | 65743 | 69450 | 74349 | 78228 | |
| 5223 | 9814 | 14023 | 18062 | 23816 | 29120 | 35391 | 40139 | 45201 | 48982 | 55528 | 60801 | 65833 | 69470 | 74384 | 78268 | |
| 5257 | 9830 | 14050 | 18163 | 24146 | 29322 | 35627 | 40187 | 45211 | 49191 | 55628 | 60851 | 66004 | 69561 | 74502 | 78364 | |
| 5318 | 9895 | 14073 | 18325 | 24167 | 29495 | 35634 | 40262 | 45231 | 49235 | 55680 | 60862 | 66019 | 69653 | 74843 | 78440 | |
| 5329 | 10021 | 14114 | 18823 | 24679 | 29670 | 35773 | 40307 | 45687 | 49363 | 55717 | 61042 | 66081 | 69682 | 74903 | 78488 | |

**PENINGAVINNINGAR kr. 25.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 41 | 4656 | 9808 | 13973 | 18457 | 25284 | 30094 | 34401 | 38933 | 44175 | 48757 | 52743 | 57200 | 62095 | 66765 | 71155 | 76160 |
| 190 | 4677 | 9909 | 14130 | 19082 | 25368 | 30136 | 34439 | 38945 | 44263 | 48803 | 52755 | 57606 | 62231 | 67244 | 71191 | 76261 |
| 239 | 5167 | 9917 | 14155 | 19329 | 25419 | 30298 | 34622 | 39602 | 44307 | 48853 | 52847 | 57672 | 62384 | 67250 | 71418 | 76299 |
| 400 | 5327 | 9970 | 14257 | 19437 | 25472 | 30338 | 34863 | 39625 | 44347 | 48877 | 52857 | 57840 | 62876 | 67257 | 71420 | 76332 |
| 507 | 5420 | 10013 | 14388 | 19652 | 25477 | 30344 | 35052 | 39998 | 44399 | 48912 | 53161 | 57908 | 62967 | 67285 | 71443 | 76410 |
| 567 | 5661 | 10075 | 14575 | 19688 | 25530 | 30407 | 35103 | 40035 | 44565 | 48926 | 53183 | 57935 | 63067 | 67370 | 71489 | 76460 |
| 787 | 5666 | 10122 | 14595 | 19858 | 25678 | 30425 | 35130 | 40150 | 44665 | 48971 | 53192 | 58101 | 63207 | 67446 | 71551 | 76476 |
| 793 | 5705 | 10140 | 14692 | 20217 | 25854 | 30433 | 35183 | 40194 | 44692 | 49197 | 53285 | 58166 | 63290 | 67491 | 71624 | 76585 |
| 907 | 5731 | 10159 | 14777 | 20244 | 26025 | 30954 | 35332 | 40249 | 44694 | 49198 | 53288 | 58265 | 63307 | 67553 | 71664 | 76588 |
| 1193 | 5737 | 10186 | 14866 | 20318 | 26035 | 31008 | 35635 | 40349 | 44750 | 49408 | 53377 | 58398 | 63345 | 67606 | 71706 | 76681 |
| 1232 | 6084 | 10216 | 14914 | 20344 | 26049 | 31220 | 35655 | 40492 | 44855 | 49538 | 53492 | 58580 | 63379 | 67721 | 71732 | 76707 |
| 1351 | 6145 | 10224 | 14938 | 20389 | 26102 | 31353 | 35662 | 40503 | 44894 | 49662 | 53520 | 58730 | 63543 | 67847 | 71751 | 76807 |
| 1370 | 6272 | 10246 | 14981 | 20461 | 26147 | 31379 | 35691 | 40572 | 45006 | 49827 | 53543 | 58774 | 63552 | 67919 | 71890 | 76935 |
| 1447 | 6470 | 10287 | 15033 | 20674 | 26277 | 31486 | 35827 | 40591 | 45261 | 49985 | 53659 | 58796 | 63667 | 68068 | 72101 | 76952 |
| 1522 | 6555 | 10304 | 15036 | 20745 | 26549 | 31493 | 35968 | 40885 | 45356 | 50061 | 53662 | 59002 | 63753 | 68080 | 72113 | 77082 |
| 2030 | 6595 | 10365 | 15062 | 20780 | 26550 | 31495 | 36002 | 40893 | 45410 | 50195 | 53836 | 59021 | 63786 | 68100 | 72364 | 77179 |
| 2050 | 6707 | 10374 | 15068 | 21056 | 26578 | 31502 | 36032 | 41047 | 45525 | 50220 | 53840 | 59027 | 63803 | 68238 | 72374 | 77303 |
| 2074 | 6715 | 10441 | 15180 | 21163 | 26600 | 31638 | 36053 | 41221 | 45540 | 50241 | 54085 | 59202 | 63877 | 68322 | 72464 | 77545 |
| 2211 | 6826 | 10470 | 15221 | 21507 | 26657 | 31961 | 36075 | 41664 | 45697 | 50299 | 54352 | 59249 | 63951 | 68416 | 72479 | 77657 |
| 2523 | 6877 | 10478 | 15316 | 21647 | 26659 | 31996 | 36156 | 41686 | 45738 | 50452 | 54461 | 59577 | 64063 | 68458 | 72504 | 77758 |
| 2720 | 6947 | 10483 | 15343 | 21656 | 26777 | 32101 | 36187 | 41788 | 45819 | 50464 | 54623 | 59659 | 64293 | 68493 | 72550 | 77777 |
| 2735 | 6981 | 10745 | 15344 | 21762 | 26854 | 32133 | 36466 | 41895 | 45859 | 50536 | 54959 | 59675 | 64308 | 68514 | 72843 | 77976 |
| 2822 | 7026 | 10944 | 15771 | 22091 | 27038 | 32161 | 36505 | 41911 | 45931 | 50539 | 55114 | 59677 | 64320 | 68602 | 72875 | 78082 |
| 2880 | 7224 | 11003 | 15855 | 22224 | 27057 | 32231 | 36550 | 41935 | 45934 | 50657 | 55138 | 59719 | 64501 | 68637 | 72972 | 78092 |
| 2943 | 7256 | 11187 | 15904 | 22674 | 27179 | 32323 | 36649 | 42059 | 45959 | 50715 | 55272 | 59992 | 64577 | 68667 | 73054 | 78217 |
| 2959 | 7296 | 11388 | 16028 | 22721 | 27185 | 32377 | 36722 | 42075 | 45963 | 50726 | 55449 | 60051 | 64607 | 68735 | 73158 | 78231 |
| 3010 | 7299 | 11506 | 16293 | 23120 | 27394 | 32413 | 36726 | 42076 | 46016 | 50736 | 55456 | 60113 | 64635 | 69169 | 73267 | 78250 |
| 3107 | 7307 | 11672 | 16325 | 23429 | 27506 | 32463 | 36808 | 42142 | 46072 | 50832 | 55531 | 60273 | 64639 | 69171 | 73408 | 78283 |
| 3155 | 7374 | 12000 | 16374 | 23508 | 27714 | 32658 | 36819 | 42159 | 46318 | 50940 | 55566 | 60305 | 64761 | 69223 | 73416 | 78577 |
| 3411 | 7435 | 12148 | 16422 | 23530 | 27771 | 32796 | 36827 | 42293 | 46357 | 50957 | 55623 | 60456 | 64917 | 69371 | 73445 | 78610 |
| 3490 | 7951 | 12194 | 16505 | 23533 | 27813 | 32850 | 37071 | 42398 | 46519 | 51002 | 55639 | 60489 | 65117 | 69508 | 73653 | 78699 |
| 3606 | 8051 | 12203 | 16554 | 23695 | 27896 | 32915 | 37202 | 42509 | 46581 | 51044 | 55730 | 60697 | 65256 | 69592 | 73657 | 78838 |
| 3607 | 8058 | 12314 | 16647 | 23853 | 28095 | 32988 | 37400 | 42586 | 46583 | 51108 | 55826 | 60720 | 65362 | 69596 | 73746 | 78867 |
| 3763 | 8059 | 12465 | 16789 | 23997 | 28179 | 33039 | 37546 | 42588 | 46787 | 51172 | 55882 | 60728 | 65468 | 69601 | 73769 | 79041 |
| 3794 | 8067 | 12494 | 16802 | 24035 | 28246 | 33075 | 37569 | 42602 | 46818 | 51272 | 55975 | 60747 | 65505 | 69638 | 73881 | 79080 |
| 3843 | 8131 | 12565 | 16878 | 24046 | 28419 | 33272 | 37582 | 42796 | 47061 | 51397 | 56059 | 60805 | 65517 | 69654 | 73908 | 79098 |
| 3891 | 8235 | 12573 | 17008 | 24082 | 28450 | 33390 | 37755 | 42800 | 47122 | 51471 | 56065 | 60882 | 65590 | 69745 | 74448 | 79221 |
| 4087 | 8236 | 12643 | 17036 | 24347 | 28524 | 33393 | 37880 | 42892 | 47524 | 51654 | 56150 | 61130 | 65712 | 69763 | 74529 | 79243 |
| 4114 | 8292 | 12948 | 17161 | 24530 | 28559 | 33432 | 37990 | 43160 | 47726 | 51854 | 56217 | 61146 | 65799 | 69815 | 74834 | 79448 |
| 4120 | 8487 | 13086 | 17331 | 24703 | 28874 | 33453 | 38037 | 43220 | 47730 | 52147 | 56278 | 61204 | 65822 | 69858 | 75015 | 79482 |
| 4147 | 8543 | 13107 | 17384 | 24735 | 28914 | 33593 | 38201 | 43230 | 47909 | 52221 | 56285 | 61243 | 66022 | 69973 | 75048 | 79490 |
| 4178 | 8609 | 13191 | 17545 | 24767 | 29034 | 33600 | 38202 | 43412 | 47980 | 52227 | 56326 | 61309 | 66074 | 70482 | 75056 | 79532 |
| 4249 | 8941 | 13220 | 17562 | 24826 | 29105 | 33812 | 38270 | 43535 | 48014 | 52387 | 56369 | 61375 | 66230 | 70570 | 75229 | 79620 |
| 4312 | 9127 | 13452 | 17646 | 24837 | 29246 | 34013 | 38450 | 43589 | 48055 | 52495 | 56434 | 61629 | 66242 | 70576 | 75294 | 79626 |
| 4432 | 9128 | 13458 | 17708 | 25003 | 29438 | 34020 | 38535 | 43738 | 48080 | 52502 | 56473 | 61711 | 66328 | 70718 | 75510 | 79682 |
| 4450 | 9392 | 13484 | 17739 | 25031 | 29451 | 34046 | 38595 | 43834 | 48251 | 52507 | 56483 | 61796 | 66345 | 70793 | 75539 | 79698 |
| 4512 | 9671 | 13742 | 17940 | 25218 | 29537 | 34201 | 38602 | 43971 | 48450 | 52633 | 56687 | 61821 | 66542 | 70865 | 75568 | 79937 |
| 4520 | 9765 | 13840 | 18017 | 25235 | 29724 | 34219 | 38650 | 44127 | 48518 | 52718 | 57002 | 61976 | 66595 | 70868 | 75781 | 79985 |
| 4621 | 9789 | 13907 | 18283 | 25270 | 29862 | 34269 | 38932 | 44162 | 48537 | 52735 | 57141 | 62023 | 66665 | 70920 | 76120 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 23. apríl 2019
Birt án ábyrgðar um prentvillur

## Baráttan um efsta sætið hélt áfram



Íslenska karlalandsliðið í handbolta mætti Makedóníu í Laugardalshöll í fyrri leik liðanna þessa vikuna í umspili fyrir Evrópumótið 2020. Efstu tvö lið riðilsins komast beint áfram á EM sem fer fram í Svíþjóð, Noregi og Austurríki á næsta ári og er staða Íslands því vænleg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**Man. United - Barcelona 0-1**
0-1 Luis Suárez (13.).

Þetta var fyrri leikur liðanna en liðin mætast í seinni leiknum 16. apríl.

**Ajax - Juventus 1-1**
0-1 Cristiano Ronaldo (45.), 1-1 David Neres (46.).

Þetta var fyrri leikur liðanna en liðin mætast í seinni leiknum 16. apríl.

## Valur getur sent KR í sumarfrí

**KÖRFUBOLTI** Valur getur tryggt sér farseðil í úrslitaeinvígi Domino's-deildar kvenna í körfubolta með sigri gegn KR í þriðja leik liðanna í undanúrslitum deildarinnar í Origo-höllinni að Hlíðarenda í kvöld. Valur hefur haft betur í tveimur jöfnum og spennandi leikjum til þessa í einvíginu en liðið er ríkjandi deildar- og bikarmeistari.



Valur hefur ekki tapað leik í deild eða bikar síðan um miðjan nóvember þegar KR varð eina liðið sem hefur lagt Val að velli með Helenu Sverrisdóttur innanborðs. Valsliðið hefur leikið 20 leiki í deildarkeppni og úrslitakeppni án þess að nokkru liði hafi tekist að sigra það. – hó

# McIlroy líklegur til sigurs á Augusta

Masters-mótið í golfi hefst á Augusta-vellinum í dag. Rory McIlroy þykir líklegur til að bæta við grænum jakka í verðlaunasafnið og ljúka með því alslemmunni. Tiger Woods er aftur inni í myndinni eftir að hafa unnið sitt fyrsta golfmót í fimm ár síðasta haust.

**GOLF** Vorboðinn ljúfi fyrir kylfinga, Masters-mótið á Augusta-vellinum, hefst í dag. Þetta er fyrsta af fjórum risamótum ársins og boðar á sama tíma að golfsumar íslenskra kylfinga er á næsta leiti. Að vanda fer mótið fram á Augusta-vellinum í Georgíufylki. Alls eru 87 kylfingar skráðir til leiks, 20 þeirra hafa áður unnið mótið og sex áhugakylfingar eru meðal þátttakenda í ár. Sigurvegari mótsins fær hinn goðsagnakennda græna jakka að launum ásamt tæpum tveimur milljónum dollara.

Sviðsljósið í aðdraganda mótsins er á Norður-Íranum Rory McIlroy sem hefur leikið frábært golf í upphafi ársins. McIlroy, sem hefur verið einn besti kylfingur heims undanfarin ár, vantar aðeins sigur á Masters-mótinu til að ljúka alslemmu (e. Grand slam), að hafa unnið öll fjögur risamótin. Rory kemur fullur sjálfstrausts til leiks eftir að hafa unnið Players-meistaramótið fyrir mánuði. Frá því í ársbyrjun hefur Rory aldrei lent neðar en í sjötta sæti í fimm mótum.

Takist Rory að næla sér í græna jakkann um helgina yrði hann sjötti kylfingurinn í sögunni sem nær því að vinna fjögur risamótin í golfi á eftir Jack Nicklaus sem vann 18 risamót, Tiger Woods (14), Ben Hogan,



Augu flestra golfáhugamanna verða á Tiger Woods og Rory McIlroy um helgina. Tiger er í leit að fyrsta risatitlinum í ellefu ár og Rory að síðasta risatitlinum sem vantar til að ná hinni svokölluðu alslemmu. NORDICPHOTOS/GETTY

**» Aðeins þremur kylfingum í 85 ára sögu Masters-mótsins hefur tekist að verja titilinn. Jack Nicklaus, Nick Faldo og Tiger Woods.**

Gary Player (9) og Gene Sarazen sem vann sjö risamót.

Það verður sömuleiðis áhugavert að fylgjast með Tiger þessa helgina. Tiger lék betur með hverri vikunni undir lok síðasta tímabils. Tiger hefur, líkt og Arnold Palmer, unnið fjóra græna jakka en aðeins Jack Nicklaus sem vann sex sinnum hefur unnið Masters-mótið oftar.

Tiger, sem er kominn upp í tólfta sæti heimslistans í golfi, komst nálægt því að vinna fimmtánda risamótið á ferlinum í fyrra á Opna breska meistaramótinu og tilkynnti komu sína á ný á stærsta sviðið með sigri á lokamóti tímabilsins.

Þá skyldi enginn afskrifa kylfinga á borð við Jordan Spieth, Justin Thomas, Dustin Johnson, sem hefur átt erfitt uppdráttar í risamótunum, og Brooks Koepka sem er handhafi tveggja risatitla.

kristinnpall@frettabladid.is

# Strákarnir komust ekki áfram í úrslit á EM í áhaldafimleikum

**FIMLEIKAR** Evrópumótið í áhaldafimleikum hófst í gærmorgun með keppni í karlaflokki. Mótið fer fram í Szczecin í Póllandi og fóru undanúrslit fram í gær og halda svo áfram í dag. Eyþór Örn Baldursson og Valgarð Reinhardsson kepptu fyrir hönd Íslands í karlaflokki.

Íslandsmeistarinn Valgarð átti mjög góðan dag og fékk 13.983 stig fyrir stökk sín. Hann var lengi vel í sjöunda sæti og komust átta efstu á hverju áhaldi í úrslit á einstökum áhöldum.

Úrslit urðu ekki raunin að þessu sinni hjá Valgarði en hann hafnaði í 13. sæti eftir annan hluta mótsins. Alls fékk Valgarð 76.397 stig fyrir æfingar sínar í gær en mótið er stór hluti af undirbúningsferli fyrir Heimsmeistaramótið í Stuttgart í október. Þar verður hægt að vinna sér inn keppnisrétt á Ólympíuleikunum 2020.

Eyþór Örn átti ekki sinn besta dag. Eyþór var með fall á fjórum áhöldum en hann gerði mjög góðar æfingar á svifrá og bogahesti.

Í kvennaflokki keppir núverandi Íslandsmeistari, Agnes Suto-Tuuha, ásamt Emilíu Björt Sigurjónsdóttur, Thelmu Aðalsteinsdóttur og Vigdísi Pálmadóttur á mótinu.

Keppni í kvennaflokki fer fram í dag og eru Emilía og Vigdís í hópi tvö, en Agnes og Thelma eru í hópi fjögur.

Úrslit í fjölþraut fara svo fram á morgun og laugardaginn þar sem 24 stigahæstu fimleikamenn úr undankeppninni munu berjast um titilinn. – **hó**



**Róbert, Valgarð og Eyþór í Póllandi í gær.** MYND/FIMLEIKASAMBAND ÍSLANDS



**Sveinn skoraði 37 mörk í 17 leikjum í vetur.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Sveinn frá ÍR til SönderjyskE

**HANDBOLTI** Sveinn Jóhannsson, hinn 19 ára gamli línumaður sem leikur með ÍR, hefur samið við danska úrvalsdeildarliðið SønderjyskE.

Samningur Sveins við danska liðið er til þriggja ára en félagið greindi frá félagaskiptunum á vef sínum í gær. Þar af leiðandi verða tveir Íslendingar í herbúðum liðsins á næsta keppnistímabili en Arnar Birkir Hálfdánsson gekk til liðs við félagið frá Fram fyrir þessa leiktíð.

Sveinn hefur leikið með öllum yngri landsliðum Íslands og var valinn í 28 manna æfingahóp A-landsliðsins fyrir HM í janúar. Hann er uppalinn í Fjölni í Grafarvogi en gekk í raðir ÍR-inga fyrir tímabilið og skoraði 37 mörk í 17 leikjum ÍR-inga í Olís-deildinni.

„Ég hlakka til að koma til Sønderborg, hefja æfingar og takast á við nýja áskorun," segir Sveinn meðal annars í samtali við heimasíðu SönderjyskE sem endaði í áttunda sæti af 14 liðum í dönsku úrvalsdeildinni í vor en úrslitakeppni deildarinnar er fram undan. – **hó**



**Valskonur eru líklegar til að vinna**

## Einum sigri frá úrslitaeinvíginu

**HANDBOLTI** Valur, sem er ríkjandi deildar- og bikarmeistari í handbolta kvenna, og Fram, sem hefur titil að verja á Íslandsmótinu, geta tryggt sér sæti í úrslitaviðureign Olísdeildarinnar með sigrum í leikjum liðanna í undanúrslitum deildarinnar í kvöld.

Valur er 2-0 yfir í einvígi sínu gegn Haukum en liðin mætast í Origo-höllinni að Hlíðarenda og Fram leiðir 2-0 í viðureign sinni við ÍBV en liðin leiða saman hesta sína í Framhúsinu í Safamýrinni fyrr um kvöldið.

Fari svo að Valur og Fram hafi betur í leikjum sínum í kvöld munu sömu lið og öttu kappi um Íslandsmeistaratitilinn berjast um titilinn að þessu sinni. – **hó**





✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Gunnhildur Gunnarsdóttir**

lést á Kristnesspítala mánudaginn 8. apríl. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 15. apríl kl. 13.30.

**Bergur Erlingsson**
**Hildur Bergsdóttir Freyr Ævarsson**
**Mikael Máni, Rafael Rökkvi, Gabríel Glói og Tekla Tíbrá**



✝

Elskuleg dóttir okkar, systir, mágkona og föðursystir,

**Björg Aradóttir**
rafmagnsverkfræðingur og tölvunarfræðingur,

andaðist á krabbameinsdeild Landspítalans föstudaginn 5. apríl. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 12. apríl klukkan 15.

**Díana Þ. Kristjánsdóttir Ari G. Þórðarson**
**Þórður Arason Elínborg G. Sigurjónsdóttir**
**Kristján M. Arason Andrea J. Mohr-Arason**
**Ari, Sigurjón, Bjarmi, Benjamín, Elías og Helgi**



✝

Alúðarþakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

**Sigrúnar Aðalbjarnardóttur**
Hrafnistu, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Ölduhrauns fyrir góða umönnun.

**Þorgerður Jónsdóttir Steingrímur Þórðarson**
**Viðar Hrafn Steingrímsson Lena Karen Sveinsdóttir**
**Sigrún Steingrímsdóttir Nikulás Árni Sigfússon**
**og barnabarnabörn.**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát elsku mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

**Maríu Guðvarðardóttur**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 11. mars 2019 og var jarðsungin 22. mars. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á deild 2B á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fyrir faglega umönnun.

**Magnea Gísladóttir Egill Heiðar Gíslason**
**Guðfinna G. Whittingham Roger Whittingham**
**Guðvarður Gíslason**
**Marinó Óskar Gíslason Agnes S. Eiríksdóttir**
**Róbert H. Sigurjónsson Helga J. Andrésdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Steingrímur Gíslason**
frá Torfastöðum,

lést aðfaranótt 8. apríl á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum, Selfossi. Útförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 16. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða Vinafélag Ljósheima, reikn. 0152 26 60860, kt. 690216 0860.

**Árný V. Steingrímsdóttir Friðgeir Jónsson**
**Jensína Sæunn Steingrímsd. Ægir Stefán Hilmarsson**
**Aðalheiður Jóna Steingrímsd. Björn Magnússon**
**Gísli Steingrímsson Ragnheiður Sigmarsdóttir**
**Sigurður Þór Steingrímsson Guðbjörg Bergsveinsdóttir**
**Birgir Árdal Steingrímsson Margrét Jónsdóttir**
**Bergur Geir Guðmundsson Sigrún Óskarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Myndaði fjórar kynslóðir

**Sonja Margrét Ólafsdóttir opnar sýninguna Rætur í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í dag. Það er hennar fyrsta sýning eftir útskrift úr Ljósmyndaskóla Íslands.**

Mínar rætur liggja í Hrunamannahreppi og sýningin Rætur fjallar um æskuslóðir mínar, umhverfið þar, landslagið og fjölskyldu mína," segir Sonja Margrét Ólafsdóttir, sem er lærður ljósmyndari og útskrifuð úr HÍ með BA-gráðu í listfræði. Hún er stödd í Skotinu í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, sem er fyrir ofan Borgarbókasafnið við Tryggvagötu, á 6. hæð. Þar er hún, ásamt Írisi Gyðu Guðbjargardóttur sýningarstjóra, að undirbúa uppsetningu Róta, sem verður opnuð í dag klukkan 16. Þær eru búnar að stilla ljósmyndum upp við veggina og eiga bara eftir að festa þær ofar.

Sonja Margrét kveðst hafa útskrifast úr Ljósmyndaskólanum á Granda í janúar síðastliðnum. „Þetta er fyrsta sýning mín frá því ég útskrifaðist en ég sýndi í Ram Skram fyrir jól og svo var ég á samsýningu úti í Finnlandi með ungum norrænum ljósmyndurum síðasta sumar," upplýsir hún.

**Það eru amma, mamma, systir mín og stelpurnar hennar. Við eigum allar sameiginlegt að hafa stigið okkar fyrstu skref í sama landslaginu.**

Myndirnar í kringum hana núna eru allar frá Flúðum. „Ég er af fjórðu kynslóð kvenna sem eru aldar upp á Flúðum," útskýrir Sonja Margrét og heldur áfram. „Langamma fluttist þangað og hún og afi byggðu sér sveitabæ. Það eru fjórar kynslóðir á myndunum, það eru amma, mamma, systir mín og stelpurnar hennar. Við eigum allar sameiginlegt að hafa stigið okkar fyrstu skref í sama landslaginu. Þær eiga heima þar ennþá en ég flutti í bæinn 16 ára en fer samt heim eins oft og ég get og hef sterk tengsl við staðinn." gun@frettabladid.is



**„Sjálfsmynd okkar er byggð á þeim rótum sem við skjótum í upphafi," segir Sonja Margrét Ólafsdóttir, ljósmyndari og listfræðingur.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



✝

Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

**Ragnhildur Kristín Ólafsdóttir**

lést föstudaginn 5. apríl.

**Ægir Vopni**
**Íris Dögg Ægisdóttir Pétur Árnason**
**Ólafur Már Ægisson Hildur Georgsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**Guðmundur Sigurðsson**
*húsasmíðameistari,*

lést laugardaginn 6. apríl á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 15. apríl kl. 13.

**Aldís Unnur Guðmundsdóttir Jörgen L. Pind**
**Jóhann Þ. Guðmundsson Þórunn Ólafsdóttir**
**Ólafur Ó. Guðmundsson Sigríður Eyjólfsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Tómas Þórir Garðarsson**
Heiðargerði 20, Akranesi,

lést á sjúkrahúsinu á Akranesi 2. apríl. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju þriðjudaginn 16. apríl kl. 13.

**Lára Valgerður Jóhannesdóttir**
**Róbert Steinar Tómasson Ragna B. Guðmundsdóttir**
**Jóhannes Ásgeir Eiríksson**
**Garðar Örn Tómasson Berglind E. Engilbertsdóttir**
**Guðjón Birgir Tómasson Margrét Egilsdóttir**
**Elín Guðrún Tómasdóttir Fannar Þór Eyþórsson**
**og barnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

ht.is

1.- 22. APRÍL

# HEIMILISTÆKJA DAGAR




## 20-40% AFSLÁTTUR

**AF ÖLLUM STÆRRI HEIMILISTÆKJUM**

STÓRAUKIÐ VÖRÚRVAL!

**Heimilistæki**

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · HÚSAVÍK · AKRANES

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 9 | 9 |
| Ísafjörður | 4 | 1 |
| Akureyri | 8 | 1 |
| Egilsstaðir | 8 | 7 |
| Kirkjubæjarkl | 5 | 6 |
| Hveravellir | 1 | 9 |

Austlæg átt 3-8 m/s, en 10-15 syðst á landinu. Léttskýjað norðan til á landinu en skýjað með köflum annars staðar, og smáskúrir um suðaustanvert landið. Suðaustan 8-15 annað kvöld og dálítil rigning, en hægari vindur og áfram þurrt norðanlands. Hiti 3 til 9 stig, en kaldara að næturlagi. Hlýnar heldur á morgun.

## Föstudagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 | 16 |
| Ísafjörður | 5 | 5 |
| Akureyri | 12 | 3 |
| Egilsstaðir | 9 | 7 |
| Kirkjubæjarkl | 7 | 8 |
| Hveravellir | 2 | 12 |

## Laugardagur

| Staður | Hiti (°C) | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 7 | 12 |
| Ísafjörður | 6 | 6 |
| Akureyri | 5 | 3 |
| Egilsstaðir | 5 | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 7 | 9 |
| Hveravellir | 3 | 13 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 8 | 5 | | | | 4 | 1 |
| 3 | | | | | | | 7 | |
| | 4 | 5 | 3 | 6 | | | 9 | |
| 8 | 6 | | 1 | 9 | | 5 | | |
| | 5 | 2 | | | | | | 4 |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | 8 | | | | 3 | | | 9 |
| | | 6 | 7 | | 5 | 2 | | 8 |
| | 3 | 7 | | 8 | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 5 | | 4 | | 9 |
| 2 | | | | 4 | 6 | | | |
| 9 | | | 7 | 8 | | | | |
| | 6 | | 2 | 9 | | 5 | | |
| 3 | 8 | | 4 | | | | 6 | 2 |
| | | 7 | | 3 | 8 | | | |
| | | 3 | | | | | 7 | 1 |
| | | 2 | 1 | | | | | |
| | | | | 2 | | 3 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 8 | | | | 1 | 6 |
| | | 6 | | | 7 | | | 9 |
| | | | | 4 | | | 8 | |
| 1 | | | | 3 | | | | |
| | 8 | 4 | 2 | 1 | | | | 7 |
| | | | | | | | | |
| | | | | 5 | 3 | 2 | | |
| | 1 | | 7 | 8 | | | 6 | 5 |
| | 2 | 3 | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. yndis
5. erfiði
6. núna
8. veggspjald
10. tveir eins
11. þróttur
12. skrambi
13. eldur
15. ásjóna
17. sáldra

**LÓÐRÉTT**
1. skynja
2. ekkert
3. fóstra
4. skot
7. útskýra
9. krydd
12. sálar
14. þangað til
16. á fæti



**LÁRÉTT:** **1.** unaðs, **5.** púl, **6.** nú, **8.** plakat, **10.** ll, **11.** afl, **12.** ansi, **13.** funi, **15.** andlit, **17.** salla.
**LÓÐRÉTT:** **1.** upplifa, **2.** núll, **3.** ala, **4.** snafs, **7.** útlista, **9.** kanill, **12.** anda, **14.** uns, **16.** il.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 4 | 6 | 2 | 5 | 8 | 3 | 7 |
| 6 | 2 | 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 5 |
| 3 | 5 | 8 | 9 | 7 | 1 | 6 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 8 | 7 | 9 | 6 | 4 |
| 8 | 4 | 9 | 3 | 6 | 2 | 5 | 7 | 1 |
| 7 | 6 | 1 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 3 |
| 1 | 8 | 5 | 7 | 4 | 6 | 3 | 2 | 9 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 9 | 8 | 4 | 1 | 6 |
| 4 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 7 | 5 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 2 | 6 | 3 | 9 | 7 | 4 | 5 | 8 | 1 |
| 4 | 8 | 9 | 6 | 5 | 1 | 2 | 7 | 3 |
| 6 | 2 | 4 | 1 | 8 | 7 | 9 | 3 | 5 |
| 9 | 7 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 8 | 3 | 5 | 4 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 |
| 3 | 9 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 | 2 | 7 |
| 5 | 4 | 2 | 7 | 1 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 3 | 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 2 | 5 | 9 | 3 | 4 | 8 | 7 | 6 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 4 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 3 | 8 | 7 | 6 | 5 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 7 |
| 8 | 3 | 1 | 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 5 |
| 6 | 4 | 2 | 1 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 7 | 9 | 5 | 2 | 8 | 3 | 4 | 1 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Skák Gunnar Björnsson

Sigurbjörn Björnsson (2.312) átti leik gegn norður-makedónska stórmeistaranum Nikola Djukic (2.566) í 3. umferð GAMMA Reykjavíkurskákmótsins.

**21. Rf5! gxf5 22. gxf5 Rg4.** Reynir að bliðga goðin og loka g-línunni. Sigurbjörn gefin engin grið. **23. Bxf7+! Kxf7 24. Db3+ Kf8 25. Rg6+ Dxg6 26. fxg6** og Sigurbjörn vann skömmu síðar. Fimmta umferð fer fram í dag og hefst kl. 17. Skákskýringar Þrastar Þórhallssonar hefjast kl. 19.

**www.skak.is:** GAMMA Reykjavíkurskákmótið í Hörpu.

**Hvítur á leik**








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# FRETTABLADID.IS

# FINNUR ÞÚ PÁSKAUNGANN?



## PÁSKALEIKUR FRÉTTABLAÐSINS.IS
## Í SAMSTARFI VIÐ GÓU

**Einn á dag vinnur páskaegg nr. 11 frá Góu!**

**Svona tekur þú þátt:**

1. Finndu páskaungann á frettabladid.is dagana 9. - 16. apríl
2. Smelltu á ungann þegar þú finnur hann og skrifaðu á hvaða síðu hann var í athugasemd (forsíða, fréttir, markaðurinn, sportið, lífið eða skoðun)
3. Drögum út einn heppinn vinningshafa á dag

Dag hvern **kl. 10:00** birtist vísbending á instastory Fréttablaðsins um hvar páskaunginn gæti verið þann daginn

Fréttablaðið er á Facebook og Instagram

Stofnað 1968

# BÍLAR

## 4.190 kynningareintök seldust á einum degi

Svo mikil var spennan fyrir nýjum Jeep Gladiator að þegar Jeep opnaði fyrir stuttu pöntunarbækurnar fyrir 4.190 kynningareintök af bílnum þá seldust þau öll upp á fyrsta degi. Svo virðist sem himinhátt 62.310 dollara verð bílsins hafi ekki komið neitt að sök og vafalaust hefði Jeep selt fleiri eintök ef meiningin hefði verið að framleiða fleiri slík. Grunnútgafa Jeep Gladiator mun ekki kosta nema um 35.040 dollara svo miklu munar á grunnverðinu og því verði sem er á þessum Gladiator Launch Edition.

Jeep Gladiator er fyrsti pallbíll Jeep í næstum 30 ár, en hann var fyrst kynntur almenningi á bílasýningunni í Los Angeles í fyrra. Gladiator mun fást í fjórum gerðum, sá ódýrasti ber nafnið Sport, Sport S mun kosta 38.240 dollara, Overland 41.890 dollara og Rubicon 45.040. Þessi langdýrasta Launch Edition verður með öllu því mögulega fíneríi sem hægt er að hlaða í Gladiator og það skýrir kannski 62.310 dollara verðið. Ástæðan fyrir því að Jeep valdi að framleiða 4.190 eintök af kynningarútgáfu Gladiator er sú að svæðisnúmerið í verksmiðjunni í Toledo í Ohio, þar sem bíllinn er smíðaður, er 419.

Jeep Gladiator er þessa dagana að streyma til söluaðila Jeep um öll Bandaríkin. Á þessum eina degi sem Jeep Gladiator seldist upp komu 261.078.900 dollarar í kassann hjá fyrirtækinu bara vegna þessarar einu bílgerðar, en það nemur 31,3 milljarði króna.




Jeep Gladiator er fyrsti pallbíll Jeep í næstum 30 ár og var kynntur í fyrra.











Hollendingurinn Weibe Wakker fór á þremur árum um 33 lönd og laðgi alls 95.000 kílómetra á rafmagnsbíl sínum.

## Fór 95.000 kílómetra leið á rafmagnsbíl

Lét leiðarvalið ráðast af því hvar hann fengi fría gistingu og mat og fengi að hlaða rafmagnsbílinn ókeypis. Heimsótti 33 lönd á leiðinni og eyddi aðeins 300 dollurum í rafmagnshleðslu bílsins.

Lengsta ferð sem farin hefur verið á rafmagnsbíl hingað til var líklega farin af Hollendingnum Weibe Wakker, en langferð hans tók þrjú ár þar sem farið var um 33 lönd og spannaði alls 95.000 kílómetra. Wakker lagði upp í ferðina frá Amsterdam 15. mars árið 2016 og lauk henni fyrir skömmu. Ferðin var að mestu kostuð með fjárframlögum í því augnamiði að fara sem lengst á rafmagnsbíl, en mjög margir aðilar veittu Wakker að auki fría gistingu, máltíðir og fría hleðslu. Rafmagnsbíllinn sem Hollendingurinn ók á ferðalaginu var ekki þekkt rafmagnsbílgerð, heldur er hann sérsmíðaður og hefur fengið nafnið „The Blue Bandit“. Bíllinn gat farið um 200 kílómetra á hverri hleðslu.

### Fór þar sem bauðst húsaskjól

Valið á leiðinni sem farin var réðst helst af því hvar Hollendingnum bauðst að hlaða bíl sinn og hvar honum var veitt húsaskjól. Á leið sinni fór Wakker gegnum austurhluta Evrópu til Tyrklands og þaðan til Íraks og fleiri Miðausturlanda. Þaðan fór hann til Indlands, Mjanmar, Taílands, Malasíu og loks til Ástralíu. Ef Wakker hefði farið þessa ferð á bíl með hefðbundna brunavél hefði hann eytt um 6.800 lítrum eldsneytis. Á leið sinni eyddi hann hins vegar aðeins 300 dollurum í hleðslu bíls síns, en hafa verður í huga að hann fékk víðast hvar að hlaða bílinn án greiðslu. Langmestu af þessum fáu dollurum eyddi hann á dreifbýlum stöðum í eyðimörkinni í Ástralíu. Wakker hélt úti síðu á samfélagsmiðlum um ferðir sínar og margir fylgdu honum þar meðan á langferðinni stóð.

Ekki er að efa að þetta mikla ævintýri Hollendingsins hafi veitt honum mikla ánægju en á leiðinni kynntist hann mörgu góðu fólki, ekki síst fólki sem bauð honum gistingu og mat og um leið kynntist hann menningu margra þjóða og gestrisni.

## Breskir vegir þeir öruggustu í Evrópu

Minnstar líkur eru á því að dauðaslys verði á breskum vegum af öllum löndum í Evrópu. Á hverja milljón íbúa urðu 28 dauðaslys í Bretlandi í fyrra og lækkaði dánartíðnin í umferðinni um 1% á milli ára. Næstöruggustu vegir í Evrópu eru í Danmörku og á Írlandi. Hættulegustu vegirnir eru hins vegar í Rúmeníu, Búlgaríu og Lettlandi. Í mörgum löndum álfunnar varð veruleg fækkun dauðaslysa á milli ára og lækkaði dánartíðnin í umferðinni um 13% í Slóveníu, 11% í Búlgaríu, 9% í Slóvakíu og 8% á Kýpur.

Þegar skoðað er árabilið 2010 til 2018 hefur fækkun dauðaslysa orðið mest í Grikklandi, eða um 45%. Á eftir fylgir Litháen með 43% fækkun, Portúgal með 35% og í Slóveníu hefur banaslysum fækkað um 34%. Meðaltalið fyrir Evrópu sýnir 21% fækkun dauðaslysa á þessu árabili. Þrátt fyrir alla þessa fækkun voru banaslysin um 25.000 í fyrra.



M11 hraðbrautin í Bretlandi.

Evrópusambandið er með áætlanir um verulega fækkun banaslysa í umferðinni og margar nýjar reglugerðir sem eiga að hjálpa til við það eru nú að líta dagsins ljós, meðal annars um að í öllum nýjum bílum verði hraðatakmörkun. Eins verða allir nýir bílar að vera með hin ýmsu öryggiskerfi sem ekki er skylda í nýjum bílum í dag.



# ALLT FYRIR PÁSKAVEISLUNA Í NÆSTU NETTÓ!



**Hamborgarhryggur**
Kjötsel
**999** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.665 KR/KG
-40%



-50%
**Grísabógur**
Hringskorinn
**499** KR/KG
**ÁÐUR:** 998 KR/KG



-50%
**Bayonneskinka úr bóg**
Bautabúrið
**999** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.998 KR/KG



-31%
**Heilt nauta rib eye**
**2.594** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.759 KR/KG




NÝTT Í NETTÓ!
**Fullmeyrnað lambalæri**
**1.288** KR/KG
**ÁÐUR:** 1.498 KR/KG



-30%
**Fyllt kalkúnabringa**
Ísfugl
**3.268** KR/KG
**ÁÐUR:** 4.669 KR/KG



**Heill kalkúnn**
**1.198** KR/KG

## PÁSKAEGG Í MIKLU ÚRVALI!






-15%
**Reyktur og grafinn lax**
1/2 flak
**3.782** KR/KG
**ÁÐUR:** 4.449 KR/KG

**Ananas**
Gold Del Monte
**195** KR/KG
**ÁÐUR:** 389 KR/KG
-50%



**nettó**
Lægra verð – léttari innkaup



**VERSLAÐU Á NETINU**
**www.netto.is**

**Tilboðin gilda 11. - 14. apríl**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Lúxus að vinna verk sem er svo brennandi heitt

**Unnur Ösp Stefánsdóttir leikstýrir Kæru Jelenu í Borgarleikhúsinu. Vill ganga nærri áhorfendum með gríðarlegri nánd við atburðarásina. Færir leikritið til samtímans. Geymir erindi sem skiptir alltaf máli.**



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



**„Þetta er eitt af þeim verkum sem hreyfa sannarlega við áhorfendum," segir Unnur Ösp.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kæra Jelena eftir Ljúdmílu Rasúmovskaju í þýðingu Ingibjargar Haraldsdóttur og Kristínar Eiríksdóttur verður frumsýnt í Borgarleikhúsinu á föstudag, 12. apríl. Leikstjóri er Unnur Ösp Stefánsdóttir. Leikritið fjallar um fjóra menntaskólanema sem koma óvænt í heimsókn til umsjónarkennara síns undir því yfirskini að óska henni til hamingju með afmælið sitt. Smám saman rennur upp fyrir áhorfendum að tilgangur heimsóknarinnar er allt annar og við tekur skelfileg atburðarás þar sem kynslóðir takast á um hugmyndafræði og gildismat. Leikarar eru þau Aron Már Ólafsson, Halldóra Geirharðsdóttir, Haraldur Ari Stefánsson, Sigurður Þór Óskarsson og Þuríður Blær Jóhannsdóttir. Verkið var bannað í Rússlandi fljótlega eftir að það var skrifað en hefur síðan slegið í gegn víða um heim.

„Þetta er eitt af þeim verkum sem hreyfa sannarlega við áhorfendum. Það geymir erindi sem skiptir máli á öllum tímum," segir leikstjórinn Unnur Ösp. „Þarna er frábært samansafn af persónum og mjög ungir leikarar í fyrirrúmi. Það eru ekki mörg verk fyrir þennan aldurshóp, sem eru ekki léttmeti eða söngleikir, en þetta er hádramatískt leikrit, sem unga fólkið getur speglað sig beint í. Svo er það líka krassandi og spennandi, gríðarlega vel uppbyggt og hristir verulega upp í áhorfendum. Viljum við ekki einmitt að leikhúsið hristi upp í okkur? Veki okkur til umhugsunar?"

### Fyrir og eftir Jelenu

Spurð hvort hún hafi séð uppfærslur á leikritinu segir Unnur Ösp: „Ég sá það í Þjóðleikhúsinu fyrir 27 árum þegar ég var unglingur og það hafði mjög mikil áhrif á mig. Það liggur við að ég geti talað um tímann fyrir og eftir Kæru Jelenu. Verkið er magnað og atburðarásin eiginlega sjokkerandi og það hefur áhrif á unga sál. Á sínum tíma kom alveg ótrúlega flottur leikhópur til sögunnar í Kæru Jelenu. Að Önnu Kristínu Arngrímsdóttur undanskilinni var mætt ný kynslóð leikara með Ingvar Sigurðsson í fararbroddi ásamt Baltasar Kormáki, Halldóru Björnsdóttur og Hilmari Jónssyni. Það setti mark sitt á velgengni þeirrar sýningar að leikhópurinn var ferskur og algerlega geggjaður."

Unnur Ösp er með frábæra leikkonu sér við hlið, því í hlutverki Jelenu er Halldóra Geirharðsdóttir. „Ég vissi strax að það þyrfti magnaða leikkonu í þetta hlutverk og ég varð upp með mér að Dóra væri til í að gera þetta með mér," segir Unnur Ösp. „Dóra er auðvitað ein fremsta leikkona þjóðarinnar en hefur ekki leikið mörg sálfræðileg hlutverk í svona hefðbundnari verkum. Hún smellpassar í hlutverkið og er einn mikilvægasti pósturinn í sýningunni til að átökin og allur harmur verksins skili sér."

Fjórir ungir leikarar fara með hlutverk nemendanna sem mæta óvænt heim til Jelenu. Einn þeirra, Aron Már, er ekki enn útskrifaður leikari, en mun útskrifast úr Listaháskólanum í kjölfar sýningarinnar. „Það er frábært tækifæri fyrir unga leikara að fá að leika svona skýrar persónur í mögnuðu verki. Mér fannst mjög mikilvægt að finna rétta andrúmsloftið á milli vinanna í verkinu, ungu leikararnir þekktust allir vel fyrir og það skilaði miklu inn í ferlið. Við höfum verið að byggja upp traust með kærleiksríku ferli allan æfingatímann því þetta verk er erfitt og aðgangshart og gengur mjög nærri leikurunum. Við svoleiðis aðstæður þarf að eiga djúpt og opið samtal um alla mögulega hluti, finna sameiginlega leið verksins. Ég lagði mikið upp úr því að þetta væri okkar sköpun, þau eiga mikið í sýningunni. Svoleiðis finnst mér mest gefandi að vinna sjálfri sem leikara og lagði því upp úr því að ferlið væri eins skapandi og mögulegt væri fyrir allan hópinn. Ég er gríðarlega stolt af þessum leikhóp, þau lögðu allt í sölurnar."

**Í OKKAR ÚTGÁFU ERU ÞETTA KRAKKAR ÚR HINU VESTRÆNA KAPÍTALÍSKA NEYSLUSAMFÉLAGI SEM ERU EKKI BEINT REKNIR ÁFRAM AF NEINUM VERALDLEGUM SKORTI HELDUR PRESSUNNI AÐ SKARA FRAM ÚR.**

### Samtal við samtímann

Unnur Ösp færir leikritið til nútímans og í auglýsingu á sýningunni er tekið fram að ekki sé æskilegt að börn yngri en 12 ára mæti. „Það er markmið mitt að fá nýja kynslóð af áhorfendum, ungt fólk, inn í leikhúsið, en sannarlega ekki börn," segir Unnur Ösp. „Mér finnst meiriháttar að geta borið á borð fyrir ungt fólk svona krassandi stykki sem hefur áhrif og vekur áleitnar spurningar um það hvernig manneskja þú vilt vera, hvernig þú vilt hafa áhrif á líf þitt og umhverfi og hversu langt þú sért tilbúinn að ganga til að koma sjálfum þér á framfæri. Með stöðugum samanburði á samfélagsmiðlum er pressan á ungt fólk orðin meiri en nokkru sinni fyrr, áherslan er á árangur og það að skara fram úr og fá athygli. Þessi pressa er stundum nálægt því að buga ungu kynslóðina. Þess vegna fannst mér alveg nauðsynlegt að færa verkið til nútímans.

Ég fékk Kristínu Eiríksdóttur til að uppfæra þýðingu móður sinnar, Ingibjargar Haraldsdóttur, við færum verkið frá Rússlandi yfir á opinn stað í algjörum nútíma. Það þurfti furðu litlu að breyta til að slík yfirfærsla gengi upp, verkið heldur algerlega upprunalegri uppbyggingu sinni.

Það hefði alveg verið hægt að setja Kæru Jelenu upp sem spennutrylli án þess að breyta einum einasta staf. En ég hef mestan áhuga á leikhúsi sem á samtal við samtímann og mér finnst það hlutverk leikhússins að spegla það sem er að hrjá okkur. Þannig að við áttum krefjandi samtal um það hvernig ungu fólki líður í samtímanum og hvað mögulega gæti fengið ungt fólk í dag til að gera það sem það gerir í þessu verki, að ganga svona langt."

### Þrúgandi heimsmynd

Verkið er skrifað árið 1980 í Rússlandi. „Það sprettur upp úr allt öðruvísi raunveruleika og umhverfi en við erum að fást við í dag. Það sprettur upp úr kúgun og skorti sósíalismans en við snúum pólitíkinni í raun við án þess að breyta miklu í leikritinu. Í okkar útgáfu eru þetta krakkar úr hinu vestræna kapítalíska neyslusamfélagi sem eru ekki beint reknir áfram af neinum veraldlegum skorti heldur pressunni að skara fram úr, ná sem mestum árangri, eignast peninga og geta haft það gott. Við verðum að skilja af hverju þau ganga svona langt. Við ræddum mikið heimsmyndina okkar í dag sem er ansi þrúgandi á köflum. Hlýnun jarðar, stöðugt áreiti samfélagsmiðla og krafa um árangur og velgengni getur hreinlega lamað unga fólkið. Það má segja að það ríki einhvers konar heimsendatilfinning hjá persónum verksins, þeim finnst þau ekki hafa neinu að tapa og þess vegna þenja þau mörk siðferðiskenndar sinnar upp úr öllu valdi. Ég vann markvisst með þessa heimsendasýn í konsepti uppfærslunnar," segir Unnur.

Filippía I. Elísdóttir, Björn Bergsteinn Guðmundsson, Hrafnhildur Hagalín og Valgeir Sigurðsson skipa listrænt teymi sýningarinnar. „Ég vildi ganga nærri áhorfendum með gríðarlegri nánd við atburðarásina. Áhorfendur sitja nánast inni í íbúð Jelenu og verða vitni að átökunum og eru í raun hluti af gíslatökunni. Eins vísum við í Colosseum Rómaveldis þar sem áhorfendur sitja allan hringinn í kringum leikarana og eru því á ákveðinn hátt meðsekir með hrikalegri atburðarásinni. Það er lúxus að vinna verk sem er svo brennandi heitt í eðli sínu að innblásturinn kemur af sjálfu sér. Við erum búin að eiga gríðarlega gefandi tíma saman og vonum einlæglega að verkið skilji eftir sig stórar spurningar hjá áhorfendum."



**Heimsendatilfinning ríkir hjá persónum verksins.** MYND/GRÍMUR BJARNASON

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 11. APRÍL

### Tónleikar

**Hvað?** Tónaflóð með argentínsku ívafi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholt við Grundarstíg 10
Píanóleikarinn Javier Miranda frá Buenos Aires heldur aðeins þessa einu tónleika í Reykjavík að þessu sinni. Þeir taka um klukkustund. Á fyrri hluta efnisskrárinnar eru stutt klassísk píanóverk en í seinni hlutanum spilar Miranda meðal annars eigin útsetningar á þekktum argentínskum ljóðum og lögum. Hann lýkur dagskránni með því að leika verk konungs argentínska tangósins, Astors Piazzolla.

**Hvað?** Gróa – Útgáfutónleikar
**Hvenær?** 20.00-23.00
**Hvar?** Mengi við Óðinsgötu
Í glimmerheimi, önnur breiðskífa hljómsveitarinnar Gróa, kom út nýverið. Tónleikarnir eru í tilefni af því. Frítt inn og öll velkomin!



Javier Miranda berst hingað með vorvindunum frá Buenos Aires.

### Fyrirlestrar

**Hvað?** Ferðaþjónusta fyrir Kínverja – Fyrirlestur
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Veröld, hús Vigdísar við Brynjólfsgötu
Arnar Steinn Þorsteinsson, sölustjóri hjá Nonna Travel, heldur fyrirlestur í stofu VHV-007 í kjallara Veraldar. Hann bjó í fimm ár í Kína við nám, störf og leik.

**Hvað?** Er mataræðið málið? – Fræðslufundur



**Unnur Guðjónsdóttir skemmtir með frásögnum og dansi á Vesturgötunni.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Í húsi Íslenskrar erfðagreiningar, Vatnsmýrinni
Fræðslufundur ADHD samtakanna fjallar um tengsl ADHD og mataræðis. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

### Skemmtistund

**Hvað?** Kínversk skemmtistund
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Vesturgata 7, Reykjavík
Unnur Guðjónsdóttir skemmtir eldri borgurum á kínverskan hátt; sýnir myndir, Tai-Chi og dans, í klukkutíma. Allir velkomnir, ókeypis aðgangur.

### Listsmiðja

**Hvað?** Listsmiðja
**Hvenær?** 15.00-16.30
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Magnús Helgason myndlistarmaður leiðir listsmiðju, ætlaða 6 til 16 ára, í tilefni af Barnamenningarhátíð á Akureyri. Aðgangur er ókeypis.

### Sýningar

**Hvað?** Rætur – Ljósmyndasýning
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 16, 6. hæð
Rætur er yfirskrift sýningar Sonju Margrétar Ólafsdóttur sem opnuð verður í Skoti Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Myndirnar vísa til róta hennar í Hrunamannahreppnum.


## Þjóðleikhúsið
551 1200 • leikhusid.is

### Ronja Ræningjadóttir
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 13.04 | kl. 12:00 | U | Sun 05.05 | kl. 13:00 | U | Lau 18.05 | kl. 16:00 | Au | Sun 2.6 | kl. 13:00 | Au |
| Sun 14.04 | kl. 13:00 | U | Sun 05.05 | kl. 16:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 13:00 | Ö | Lau 8.6 | kl. 13:00 | Au |
| Sun 14.04 | kl. 16:00 | U | Sun. 12.05 | kl 13:00 | U | Sun. 19.05 | kl. 16:00 | Ö | | | |
| Sun 28.04 | kl 13:00 | U | Sun. 12.05 | kl. 16:00 | U | Sun 26.05 | kl. 13:00 | Ö | | | |
| Sun 28.04 | kl. 16:00 | U | Lau 18.05 | kl. 13:00 | Au | Sun 26.05 | kl. 16:00 | Au | | | |

### Einræðisherrann
Stóra sviðið

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 13.04 | kl. 19:30 | U | Lau 04.05 | kl. 19:30 | Ö | Mið 08.05 | kl. 19:30 |

### Jónsmessunæturdraumur
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 12.04 | kl 19:30 | U | Fös 03.05 | kl. 19:30 | Ö | Fim 09.05 | kl. 19:30 | Mið 22.05 | kl. 19:30 |

### Þitt eigið leikrit
Kúlan

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 13.04 | kl. 15:00 | U | Lau 13.04 | kl. 17:00 | Sun 28.04 | kl. 15:00 | Sun 28.04 | Kl. 17:00 |

### Súper
Kassinn

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fim 11.04 | kl. 19:30 | U | Fös. 12.04 | kl. 19:30 | U | Mið 24.04 | kl. 19:30 | Ö | Fös 26.04 | kl. 19:30 | U |

### Loddarinn
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau27.04 | kl. 19:30 | U | Fim 02.05 | kl. 19:30 | U | Lau 11.05 | kl. 19:30 | U | Fim 23.05 | kl. 19:30 |
| Þri 30.04 | kl. 19:30 | U | Fös 10.05 | kl. 19:30 | U | Fös 17.05 | kl. 19:30 | U | | |

### Brúðkaup Fígarós
Stóra sviðið

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 07.09 | kl. 19:30 | Ö | Fös 20.09 | kl. 19:30 | Lau 28.09 | kl. 19:30 |
| Sun 15.09 | kl. 19:30 | | Lau 21.09 | kl. 19:30 | Lau 05.10 | kl. 19:30 |

### Dimmalimm
Brúðuloftið

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 13.04 | kl. 15:30 | Lau 27.04 | kl. 14.00 | Lau 17.04 | kl. 15:30 |

## Borgarleikhúsið
568 8000 • borgarleikhus.is

### Matthildur
Stóra sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.04 | Kl 19:00 | U | Sun 28.04 | Kl 19:00 | U | Mið 22.05 | Kl 19:00 | Ö | Fim 06.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Lau 13.04 | Kl 13:00 | U | Þri 30.04 | Kl 19:00 | U | Fim 23.05 | Kl 19:00 | Ö | Fös 07.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Sun 14.04 | Kl 19:00 | U | Fim 02.05 | Kl 19:00 | U | Sun 26.05 | Kl 19:00 | Ö | Mán 10.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Þri 16.04 | Kl 19:00 | U | Mið 08.05 | Kl 19:00 | U | Mið 29.05 | Kl 19:00 | Ö | Fim 13.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Mið 24.04 | Kl 19:00 | U | Fim 09.05 | Kl 19:00 | U | Fim 30.05 | Kl 19:00 | Ö | Fös 14.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Fim 25.04 | Kl 19:00 | U | Mið 15.05 | Kl 19:00 | U | Sun 02.06 | Kl 19:00 | Ö | Sun 16.06 | Kl 19:00 | Ö |
| Fös 26.04 | Kl 19:00 | U | Fim 16.05 | Kl 19:00 | U | Mið 05.06 | Kl 19:00 | Ö | | | |

### Elly
Stóra sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 12.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 31.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Lau 27.04 | Kl. 20:00 | U | Fös 17.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 08.06 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 05.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fös 24.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 15.06 | Kl. 20:00 | ÖL |

### Ríkharður III
Stóra sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Fim 11.04 | Kl. 20:00 | UL |

### Kæra Jelena
Litla sviðið

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 12.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 25.04 | Kl. 20:00 | U | Fös 03.05 | Kl. 20:00 | U | Sun 12.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Sun 14.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 26.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 05.05 | Kl. 20:00 | U | Mið 15.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Þri 16.04 | Kl. 20:00 | U | Sun 28.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 | U | | | |
| Þrið 24.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 02.05 | Kl. 20:00 | U | Fös 10.05 | Kl. 20:00 | Ö | | | |

### Club Romantica
Nýja sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | UL |

### Bæng!
Nýja sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 26.04 | Kl. 20:00 | U | Mið 08.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 23.05 | Kl. 20:00 | U |
| Sun 26.04 | Kl. 20:00 | U | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | U | Sun 23.05 | Kl. 20:00 | Ö |
| Fös 03.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 16.05 | Kl. 20:00 | U | Fim 30.05 | Kl. 20:00 | Ö |

### Kvöldvaka með Jóni Gnarr
Litla sviðið

| | | |
|---|---|---|
| Lau 13.04 | Kl. 20:00 | U |

### Allt sem er frábært
Litla sviðið

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 04.05 | Kl. 20:00 | Ö | Fim 09.05 | Kl. 20:00 | Ö | Lau 11.05 | Kl. 20:00 | ÖL |

## GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 · NÁNAR Á BIOPARADIS.IS




| | | | |
|---|---|---|---|
| Everybody Knows (ICE SUB) | 17:30 | Girl (ICE SUB) | 20:00 |
| Capernaum (ICE SUB) | 17:30 | Mug // Twarz (ENG SUB) | 22:00 |
| Girl (ENG SUB) | 17:45 | Free Solo (ENGLISH - NO SUB) | 22:00 |
| Arctic (ICE SUB) | 20:00 | Everybody Knows (ICE SUB) | 22:15 |
| Miszmasz czyli Kogel Mogel 3 (ENG SUB) | 20:00 | | |








# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00** **Útsvar 2013-2014**
**14.10** **Stríðsárin á Íslandi**
**15.20** **Popppunktur 2011**
**16.20** **Landinn 2010-2011**
**16.50** **Í garðinum með Gurrý**
**17.20** **Leitin að stórlaxinum**
**17.50** **Táknmálsfréttir**
**18.00** **KrakkaRÚV**
**18.01** **Strandverðirnir**
**18.11** **Fótboltastrákurinn Jamie** Jamie Johnson er 11 ára strákur sem á sér þann draum að verða atvinnumaður í fótbolta. En að passa inn í vinahópinn í skólanum og ná markmiðum sínum er hægara sagt en gert.
**18.39** **Bestu vinir** Það er gott að eiga góðan vin. 5 ára krakkar ræða um vináttu og hvað það er að vera vinur. Hvernig takast vinir á við erfiðleika saman? Hvað gerir vini ólíka? Hvað er það sem gerir vináttu sérstaka?
**18.44** **Bílskúrsbras** Tord rannsakar allt milli himins og jarðar og það kennir ýmissa grasa í bílskúrnum hans.
**18.50** **Krakkafréttir**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veður**
**19.35** **Kastljós**
**19.50** **Menningin**
**20.00** **Nörd í Reykjavík** Eftir að hafa kynnst menningu rappara og uppistandara er kominn tími til að kynnast nördum í Reykjavík. Dóri DNA fer á stúfana og kemst að því hvers vegna nördar eiga eftir að erfa heiminn. Dagskrárgerð: Gaukur Úlfarsson.
**20.30** **Price og Blomsterberg**
**21.00** **Ljúfsár lygi** Áströlsk þáttaröð í sex hlutum sem byggð er á sígildri skáldsögu Leos Tolstojs, Önnu Kareninu, en gerist í nútímasamfélagi. Fyrrverandi tennisstjörnur, Anna og Xander Ivin, eru hamingjusamlega gift og virðast lifa fullkomnu lífi. En þegar Anna hittir mann að nafni Skeet fyrir tilviljun á flugvelli umturnast líf þeirra allra. Aðalhlutverk: Sarah Snook, Benedict Samuel og Rodger Corser. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00** **Tíufréttir**
Nýjustu fréttir og íþróttir kvöldsins. Alla mánudaga til fimmtudaga.
**22.15** **Veður**
**22.20** **Glæpahneigð** Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna í von um að koma í veg fyrir frekari ódæðisverk. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05** **Löwander-fjölskyldan**
Sænsk þáttaröð um ástir og örlög Löwander-fjölskyldunnar, sem rekur vinsælan veitingastað í Stokkhólmi undir lok seinni heimsstyrjaldar. Leikstjóri: Harald Hamrell. Leikarar: Suzanne Reuter, Mattias Nordkvist, Adam Lundgren, Hedda Stiernstedt, Charlie Gustafsson, Rasmus Troedsson, Anna Bjelkerud og Josefin Neldén. e.
**00.05** **Löwander-fjölskyldan**
**01.05** **Kastljós**
**01.20** **Menningin**
**01.30** **Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.35** 2019 Augusta Masters
**10.35** Golfing World 2019
**11.25** Valero Texas Open
**16.35** 2019 Augusta Masters
**18.35** Inside the PGA Tour 2019
**19.00** 2019 Augusta Masters
**23.30** Inside the PGA Tour 2019

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show
**09.30** The Late Late Show
**10.15** Síminn + Spotify
**12.00** Everybody Loves Raymond
**12.20** The King of Queens
**12.40** How I Met Your Mother
**13.05** Dr. Phil
**13.45** Younger
**14.10** The Voice US
**16.00** Malcolm in the Middle
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** The King of Queens
**17.05** How I Met Your Mother
**17.30** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**19.00** The Late Late Show
**19.45** The Kids Are Alright
**20.10** Með Loga
**21.10** 9-1-1
**21.55** The Resident
**22.40** How to Get Away with Murder
**23.25** The Tonight Show
**00.10** The Late Late Show
**00.55** NCIS
**01.40** NCIS: New Orleans
**02.25** Venjulegt fólk
**02.50** The Truth About the Harry Quebert Affair
**03.35** Ray Donovan
**04.30** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

**06.45** Morgunbæn og orð dagsins
**06.50** Morgunvaktin
**07.00** Fréttir
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.00** Fréttir
**09.05** Segðu mér
**09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Á reki með KK
**11.00** Fréttir
**11.03** Mannlegi þátturinn
**12.00** Fréttir
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.40** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir
**12.55** Samfélagið
**14.00** Fréttir
**14.03** Á tónsviðinu
**15.00** Fréttir
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**17.00** Fréttir
**17.03** Lestin
**18.00** Spegillinn
**18.30** Útvarp Krakka RÚV
**18.50** Veðurfregnir
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Sinfóníukvöld: Á leið í tónleikasal
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Passíusálmar Pétur Gunnarsson les.
**22.15** Samfélagið
**23.05** Lestin
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturútvarp Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.15** The Big Sick
**13.15** Wolves
**15.05** Robot and Frank
**16.35** The Big Sick
**18.35** Wolves
**20.25** Robot and Frank
**22.00** The Accountant
**00.10** The Sea of Trees
**02.00** Almost Married
**03.40** The Accountant

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Friends
**07.45** Gilmore Girls
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Anger Management
**10.00** Wrecked
**10.25** Satt eða logið
**11.10** Ísskápastríð
**11.45** Lögreglan
**12.15** Heimsókn
**12.35** Nágrannar
**13.00** The Zen Diaries of Garry Shand
**15.25** Two and a Half Men
**15.50** Seinfeld
**16.15** Stelpurnar
**16.40** Mom
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Veður
**19.25** The Big Bang Theory
**19.45** Splitting Up Together
**20.10** NCIS
**20.55** Whiskey Cavalier
**21.40** The Blacklist
**22.25** Magnum P.I
**23.10** Real Time With Bill Maher
**00.10** Thirteen
**01.05** Manhunt
**01.55** High Maintenance
**02.25** Silent Witness
**03.15** Silent Witness
**04.10** Chris Gethard: Career Suicide

## STÖÐ 3

**19.10** The Last Man on Earth
**19.35** The Simpsons
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** The Mindy Project
**21.15** Supergirl
**22.00** Arrow
**22.45** Game of Thrones
**00.05** The Simpsons
**00.30** Bob's Burgers
**00.55** American Dad
**01.20** The Last Man on Earth
**01.45** The Simpsons
**02.10** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

**07.55** Football League Show 18/19
**08.25** Real Madrid - Eibar
**10.05** Newcastle - Crystal Palace
**11.55** Southampton - Liverpool
**13.40** Messan
**14.40** Ajax - Juventus
**16.20** Man. United - Barcelona
**18.00** Meistaradeildarmörkin
**18.30** Evrópud. - fréttaþ. 18/19
**18.55** Arsenal - Napoli
**21.00** Búrið
**21.35** UFC Unleashed 2019
**22.25** Premier League World 2018/2019
**22.55** Slavia Prag - Chelsea
**00.35** Valur - KR

## STÖÐ 2 SPORT 2

**06.50** Watford - Wolves
**09.10** Manchester City - Brighton
**10.55** Úrslitaleikur: ÍA - KR
**12.45** Napoli - Genoa
**14.25** Haukar - Valur
**15.50** Keflavík - Stjarnan
**17.30** Premier League World 18/19
**18.00** Úrvalsdeildin í pílukasti
**21.30** Fram - ÍBV
**22.55** Valur - Haukar
**00.20** Villarreal - Valencia

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

HIN STÓRSKEMMTILEGA FJÖLSKYLDA SEM FÓR SIGURFÖR UM HEIMINN 2015
ER MÆTT AFTUR MEÐ ENN STÆRRI VANDAMÁL!

CHRISTIAN CLAVIER CHANTAL LAUBY

# ÖMURLEG BRÚÐKAUP 2

Isabelle & Rachid Laure & Charles Nicole Viviane Chao & Ségolène David & Odile



MYND EFTIR
PHILIPPE DE CHAUVERON

**FRUMSÝND Á MORGUN**

LAUGARÁS BÍÓ BARA LÚXUS HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ



Harpa Einarsdóttir ásamt samstarfskonu sinni Joely Walford. MYND/SIGGEIR HAFSTEINSSON



Harpa og Siggeir sóttu innblástur í íslenskt landslag við hönnun línunnar. MYND/BRYNJAR SNÆR



# Súrrealískur heimur Seismic Soils

Fatahönnuðurinn **Harpa Einarsdóttir** kynnti nýverið samstarfsverkefni sitt og grafíska hönnuðarins Siggeirs Hafsteinssonar, Seismic Soils.



Seismic Soils er eins konar götu-útivistarfatnaður. MYND/BRYNJAR SNÆR




Siggeir Hafsteinsson hannaði prentin upp úr seríu sinni Lavastract. MYND/BRYNJAR SNÆR

Harpa Einarsdóttir hefur lengi vel hannað fatnað undir merkinu Myrka en kynnti á HönnunarMars glænýtt samstarfsverkefni við grafíska hönnuðinn Siggeir Hafsteinsson en teymið hlaut hæsta styrk hönnunarsjóðs til þróunar línunnar Seismic Soils þar sem grafíkverk Siggeirs úr Lavastract-seríu hans gegna lykilhlutverki í efni og áferð.

Harpa og Siggeir höfðu lengi vel fengið innblástur frá sjónrænum sköpunarkrafti hvort annars enda hafa þau sótt á svipaðar slóðir í list sinni og hönnun þó að þau hafi notað til þess ólíka miðla; fatahönnun og grafík. Harpa hefur oft hannað stafræn prent til að nota í hönnun sinni og segist hafa orðið fyrir miklum áhrifum þegar hún sá grafísku seríuna Lavastract, sem Siggeir á heiðurinn af.

„Við Geiri höfum þekkst síðan við vorum óþekkir unglingar. Það er mikið af sama fólkinu í kringum okkur, enda er hann barnsfaðir einnar bestu vinkonu minnar, ljósmyndarans Ástu Kristjáns, en þau voru einmitt að verða amma og afi nýlega og því ber að fagna. En þetta er dágóður tími sem við höfum þekkst þó að samskiptin hafi verið lítil undanfarin ár þar til kom að þessu verkefni.“

## Útivistarfatnaður fyrir bæði kyn

Frumgerðir línunnar, sem hugsuð er fyrir bæði kynin eða „unisex“, voru eins og fyrr segir til sýnis á HönnunarMars og segja má að hún sé bæði fáguð og tilraunakennd. Um er að ræða eins konar götu-útivistarfatnað og er efniviðurinn óhefðbundinn þar sem tilraunir eru gerðar á textílnum. „Við leitumst við að tefla fram samruna náttúru og frumefna, samspili milli tveggja mismunandi litbrigða og áferðar sem þó búa í nánu sambandi í fjölbreyttu landslagi okkar. Útkoman er svo einstök fata- og fylgihlutalína þar sem sjá má rík áhrif af súrrealískum abstraktisma og grafískum einfaldleika,“ útskýrir Harpa.



Við vinnu línunnar leituðust Harpa og Siggeir við að tefla fram samruna náttúru og frumefna. MYND/AKIRA

## Tímafrekt að finna bestu efnin

„Lavastract-verkin hans Siggeirs minna mig á mína myndlist og stafræn prent. Við notum mjög svipaða litapallettu og áferð og sækjum innblástur í íslenskt landslag. Það er eitthvað alveg sérstakt við Lavastract, eitthvað sem ég get ekki alveg útskýrt, súrrealískur heimur sem veitir mér endalausan innblástur.“

Siggeir hannar prentin og grafíkina sem notuð er á efnunum og segja má að Harpa sjái um allt hitt. „Við fengum þó góða aðstoð við frumgerðir af línunni, vinkona mín og hönnuður Joely Walford átti stóran part í að vinna snið eftir mínum teikningum og við tvær saumuðum nánast hverja flík í línunni,“ segir Harpa en bætir við að einnig hafi klæðskerinn Rik McNair og hönnuðurinn Dainius Bendikas komið að verkefninu.

Það var í janúar á þessu ári að Harpa byrjaði að hanna línuna og velja prentin út frá verkum Geira. „Hann gerði nokkur ný verk í ferlinu en í línunni eru aðalefnin frá hágæða efnaframleiðandanum Ripstop sem sérhæfir sig í textíl til útivistar. Frá Ítalíu fengum við digital prentaða lífræna bómull og einnig sérstök efni frá Suður-Kóreu, það fór dágóður tími í að finna







bestu efnin og panta þau að utan.“

Harpa vann línuna hratt í tækatíð fyrir HönnunarMars og þakkar öllum þeim sem lögðu hönd á plóg og gerðu henni það þannig kleift.

Línan er FW19-20, svo stefnan er tekin á komandi haust. „Við fengum styrk til að fjármagna frumgerðir og ég sótti nýverið um styrk fyrir markaðssetningu. Við erum að fara að vinna í afar spennandi verkefni sem er enn leyndarmál, en ég vona innilega að hönnunarsjóður samþykki að styrkja það verkefni svo við getum haldið áfram. Ég hef trú á því að það verði til þess að við fáum kaupendur frá Asíumarkaði, sem leggur þá út fyrir framleiðslu, en þessi „street wear“/útivistarfatnaður hentar vel fyrir þann markað, svo stefnan er tekin þangað.“

**bjork@frettabladid.is**

# Spurning hvenær einhver deyr vegna papparassa

Leikkonan Scarlett Johansson segist hafa verið elt af ágengum papparössum í umferðinni nú á dögunum í Los Angeles þegar hún var á leið til síns heima eftir að hafa verið í upptökum á spjallþætti Jimmys Kimmel. Hún segir ljósmyndarana hafa lagt sig og aðra vegfarendur í stórhættu með akstri sínum. Hún segir tímaspursmál hvenær einhver muni láta lífið líkt og Díana prinsessa sem lést í bílslysi árið 1997.



**Scarlett Johansson var hundelt af ljósmyndurum á dögunum.**



**Díana prinsessa lést í bílslysi eftir háskalega eftirför ljósmyndara 1997.**

Johansson segir að fimm bílar með skyggðum rúðum hafi ítrekað keyrt yfir á rauðu ljósi og þannig lagt aðra ökumenn og gangandi vegfarendur í hættu til þess að komast að því hvar hún og börn hennar búa í borginni. Henni var afar brugðið.

„Papparassarnir halda stöðugt áfram á hættulegri braut við að sitja um og áreita fólk sem þeir ætla sér að ljósmynda. Meira að segja eftir hræðilegan dauðdaga Díönu prinsessu var lögum ekki breytt til að vernda skotmörk fyrir papparössum sem skeyta ekki um lög,“ segir leikkonan.

Johansson segir að hún hafi tilkynnt hegðun papparassanna til lögreglunnar og litið á það sem borgaralega skyldu sína. Hún vill að starfsemi slíkra papparassa verði gerð ólögleg og þeir flokkaðir sem eltihrellar. **– oæg**



KEBE
Hvíldarstólar
Tegundir: Rest og Fox



Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15
Komið og skoðið úrvalið
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

HLJÓÐSKILRÚM



Syrusson skrifstofuvörur
Síðumúla 33 | Sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is



Grímur og skraut
Fyrir árshátíðina
Helíum frá 2990
Hókus Pókus
www.hókuspókus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Slakaðu á með Slökun

Einkenni magnesíumskorts
- Lítil orka
- Þróttleysi
- Veik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spenna
- Kölkun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Pirringur



Mamma Veit Best
HREIN HEILSA
www.mammaveitbest.is





**Þeir eru samstilltir feðgarnir KK og Sölvi og njóta þess í botn að ferðast um landið ásamt vösku Föruneytinu. Hljómsveitina segir KK keyra á spilagleðinni og alls staðar vera tekið opnum örmum.** MYND/KRISTINN SNÆR

# Feðgar í guðdómlegu föruneyti um landið

Sá ástsæli tónlistarmaður **KK** er á ferð um landið ásamt hljómsveit sinni, Föruneytinu, sem hann segir vera guðdómlegt band. Sölvi, sonur hans, plokkar þar bassann, þeim gamla til mikillar gleði.

KK og félagar hans í Föruneytinu ljúka ferðalagi sínu um landið með tvennum tónleikum um helgina þegar þeir sækja heim annars vegar Siglfirðinga og Akureyringa hins vegar.

„Við erum búnir að vera á ferðinni í nokkrar vikur og ljúkum þessu stutta ferðlagi okkar bara núna um helgina,“ sagði KK í mátulega slæmu símasambandi þegar Fréttablaðið náði í skottið á honum á vegum úti.

„Þetta er búið að vera alveg meiriháttar gaman og það er búið að vera fullt alls staðar þar sem við höfum spilað. Þetta eru samt engir risastaðir en það er sama, fólk er að mæta,“ segir KK sem meðal annars hefur í þessari umferð lagt Hvolsvöll, Hveragerði og Rif að baki en Föruneytið treður upp á Kaffi Rauðku á Sigló á föstudagskvöld og Græna hattinum á Akureyri á laugardagskvöld.

Föruneytið er fimm manna hljómsveit með Eyþór Gunnarsson á hljómborði og Kristin Snæ Agnarsson á trommum. Þá spilar Guðmundur Pétursson á ýmsa gítara og Sölvi Kristjánsson leikur á bassa.

Sölvi er sonur KK eins og glöggir tónleikagestir hafa sjálfsagt getið sér til en þeir feðgar þykja glettilega líkir í útliti. Strengir þeirra eru einnig vel samstilltir og KK dregur hvergi úr því hversu gaman hann hefur af því að spila með syni sínum.

### Föðurlegt föruneyti

„Hann er svakalega duglegur strákurinn og leggur sig allan fram,“ segir sá gamli stoltur. „Hann er fæddur 1980 og ég hef tekið hann með mér áður. Þegar við Eyþór og Gummi fórum á Heimssýninguna í Sjanghæ 2010 þá var Sölvi með okkur á bassanum.

Hann er líka að fá að spila með þessum þaulreyndu köppum eins og Eyþóri og Gumma og strákarnir hafa tekið honum rosalega vel og eru þarna eins og þrír pabbar með okkur. Þeir eru ofsalega ánægðir með hann og það er gaman að heyra það frá þessum strákum. Maður sperrir eyrun þegar þeir tala um tónlist og ég heyri það bara út undan mér hvað þeir eru ánægðir með hann.“



**KK með Sölva litla á „bösktímanum“ þegar fjölskyldan bjó öll í þessu rúgbrauði úti í skógi.**

> **BANDIÐ ER ALVEG GUÐDÓMLEGT OG VIÐ FÓRUM ALLIR BARA Í ÞETTA TIL ÞESS AÐ FÁ AÐ SPILA MÚSÍK.**

### Guðdómlegt band

„Bandið er alveg guðdómlegt og við fórum allir bara í þetta til þess að fá að spila músík enda sáum við nú ekki fyrir okkur að við myndum uppskera mikið peningalega út úr þessu,“ segir KK. „Þannig að við ákváðum bara að leggja af stað í músíkalska ánægjuferð. Allir í bandinu tóku rosalega vel í það sem var svaka léttir fyrir mig og svo hefur þetta bara gengið ágætlega.“

KK segir þeim félögum hafa verið tekið fagnandi á öllum viðkomustöðum. Þeir leggja sig vitaskuld alla fram þegar kemur að því að fylla samkomuhúsin af syngjandi gleði og vita til hvers er ætlast af þeim.

„Maður verður alltaf að taka þessa hittara þannig að við förum í gegnum Vegbúann, Lucky One og fullt af svoleiðis lögum. Maður yrði nú svolítið spældur ef maður færi að sjá Paul McCartney og hann tæki engin Bítlalög,“ segir KK og hlær. „Svo erum við að taka eitt og eitt lag sem passar betur við band og ég hef ekkert verið að taka þegar ég er einn á ferð. Þar á meðal eru þrjú, fjögur lög af Lucky One sem er mjög óvenjulegt að við séum að taka. En mjög skemmtilegt og síðan erum við líka með tvö splunkuný lög í farteskinu.“

KK er einn fárra Íslendinga sem hafa lifað á götuspilun, svokölluðu „böski“ en á því tímabili var Sölvi með í för þannig að þeir hafa lengi verið samferða í tónlistinni.

„Krakkarnir litlu, Sóley systir hans og hann, þau voru með mér þegar ég var að böska. Þá bjuggum við bara úti í skógi öll fjölskyldan og þegar við vorum ekki að böska vorum við bara að veiða og elda og svona, með hinum böskurunum.“

KK segir ýmislegt fram undan þegar þessu ferðalagi lýkur en vill ekki fara mjög náið út í það að svo stöddu. „Það verður smá slökun eftir þetta og svo er maður byrjaður að bóka fyrir haustið,“ segir KK sem stefnir á tónleikaferð seinna á árinu. „Ég er byrjaður að plana túr en læt það bíða seinni tíma að fara nánar út í það,“ segir KK mátulega leyndardómsfullur.

**thorarinn@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*



**BOSCH**

## Gras- og hekksnyrtir

ISIO 3,6 V Li, hleðslutími 3.5 klst. vinnutími 50 mín, klippibreidd grasklippu 80mm, kippibreidd hekkklippu 120mm, klippir allt að 8 mm sverar greinar.

**15.995**

74897861

**BOSCH**

## Hekkklippur

AHS 50-16 450W. Ódýr og góð hekkklippa sem er auðveld í notkun.Klippir 50 cm á breidd og getur klippt greinarsem eru allt að 16 mm sverar.

**16.995**

74890008



# Frábær HELGAR-TILBOÐ

**Til 18. apríl**

**Einhell**

## Mosatætari

GC-SA 1231, 1200W, rafmagns, 31 cm vinnubreidd, 3 hæðastillingar, 28 lítra safnpoki.

**18.995**

74830079






**Tilboðsverð**

## Laufhrífa

Light

**2.621**

55600323

Almennt verð: 3.495

25%

**Tilboðsverð**

## Laufhrífa

633

**1.196**

55610633

Almennt verð: 1.595

25%



**Tilboðsverð**

## Laufhrífa

Stál

**746**

68316230

Almennt verð: 995

**BOSCH**

YouTube
Sjáðu myndband af klippunum

**Tilboðsverð**

## Rafhlöðuklippur

EasyPrune, 3,6V, 1,5Ah

**12.597**

74897859

Almennt verð: 17.995



30%

NAPOLEON

**Tilboðsverð**

## Kolagrill

NK22-LEG 57cm. Grillgrindin er opnanleg á tveimur stöðum, svo hægt er að bæta kolum eða viðarspæni á eldinn. Auðvelt og þægilegt að breyta loftflæði bæði að ofan og neðan. Upphengikrókur innan í lokinu og stór öskudallur undir grillinu, sem auðvelt er að fjarlægja til að tæma.

**29.995**

506600093

Almennt verð: 38.995



23%

## Grilllkol

Grillkol frá Napoleon sérhönnuð fyrir grillin þeirra.

**3.995**

506667104

10kg




17%

NAPOLEON

Kílóvött 4,1 | Brennarar 2

**Tilboðsverð**

## TravelQ með vagni

Tveir ryðfríir hringbrennarar, glerjað pottjárn í grillfletinum. Athugið að þetta grill notar ekki hefðbundna fimm eða tíu kílóa gaskúta, heldur prímuskúta en hægt er að fá millistykki til að nota hefðbundna gaskúta.

**49.995**

506600012

Almennt verð: 59.995



NAPOLEON

**Tilboðsverð**

## TravelQ Pro 2B

Hægt er að nota við hvaða tilefni sem er. Tvöfalt ryðfrítt brennarakerfi með JETFIRE™ kveikikerfi. Mjög góð hönnun - einfalt í uppsetningu og notkun!

**44.995**

506600016

Almennt verð: 54.995

Kílóvött 4,1 | Brennarar 2

18%

**BYKO**

GERUM ÞETTA SAMAN



PÁSKATILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

## TAMPA
hornsófi

Hornsófi. Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Stærð: 270 x 215 cm

**Fullt verð: 189.900**

Aðeins **142.425 kr.**



PÁSKATILBOÐ 30% AFSLÁTTUR

## ZERO
hornsófi með tungu

Grátt slitsterkt áklæði. Tunga getur verið beggja vegna. Stærð: 288 x 205 x 88 cm.

**Fullt verð: 189.900 kr.**

Aðeins **132.930 kr.**



PÁSKATILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

## MONTARIO
svefnsófi

Rúmfatageymsla. Svefnsvæði: 140x200 cm. Stærð sófa: 158x90 cm.

**Fullt verð: 89.900 kr.**

Aðeins **71.920 kr.**



PÁSKATILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

## MEGA
hornsófi

Hornsófi. Dökkgrátt, slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri. Stærð: 294 x 240 cm

**Fullt verð: 239.900 kr.**

Aðeins **191.920 kr.**



PÁSKATILBOÐ 25% AFSLÁTTUR

## MORFEO
svefnsófi

Sérlega vandaður svefnsófi.Hvítt áklæði. Stærð: 207 x 93 x 100 cm. Svefnsvæði: 140 x 195 cm.

**Fullt verð: 269.900 kr.**

Aðeins **202.425 kr.**



PÁSKATILBOÐ 20% AFSLÁTTUR

## TUCSON
hægindastóll

Stillanlegur hæginda-stóll. Svart, brúnt eða grátt leður á slitflötum. Stærð: 85x90 H: 104 cm.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

Aðeins **79.920 kr.**



PÁSKATILBOÐ 40% AFSLÁTTUR

## DENVER
2,5 s.æta sófi & stóll

2,5 sæta sófi og stóll í klassískum stíl. Dökkblátt, ljósbleikt (Dusty Rose), dökkgrænt og koparlitt sléttflauel.

Sófi: 184 x 82 x 82 cm

**Fullt verð: 119.900 kr.**

Aðeins **71.940 kr.**

Stóll: 84 x 82 x 82 cm

**Fullt verð: 69.900 kr.**

Aðeins **41.940 kr.**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 10–18 (Holtagarðar)
Mán. til fös. kl. 11–18.30 (Smáratorg)
Laugardaga kl. 11–17
Sunnudaga kl. 13–17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

*Tilboðin gilda frá 11. til 20. apríl eða á meðan birgðir endast.*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Páskatilboð
## 11. til 20. apríl



www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN



SCANDINAVIAN BEDDING

PÁSKATILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR

### DÚNSÆNGUR OG -KODDI

Sængur 85% smáfiður og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
Koddi 70% smáfiður og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

| | |
|---|---|
| **Sæng** 135x200 cm 1.185 g. Fullt verð: 12.900 kr | **PÁSKATILBOSVERÐ 9.675 kr.** |
| **Sæng** 135x220 cm 1.300 g. Fullt verð: 14.900 kr | **PÁSKATILBOSVERÐ 11.175 kr.** |
| **Sæng** 200x200 cm 2.000 g. Fullt verð: 19.900 kr | **PÁSKATILBOSVERÐ 14.925 kr.** |
| **Koddi** 50x70 cm 750 g. Fullt verð: 6.900 kr | **PÁSKATILBOSVERÐ 5.175 kr.** |



PÁSKATILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR

### ÖLL RÚMFÖT Á PÁSKATILBOÐI

Fullt verð frá 8.990kr. **Páskatilboðsverð frá 6.743 kr.**



PÁSKATILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR AF DÝNU & 20% AF BOTNI

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

## NATURE'S LUXURY
heilsurúm með Classic botni

Nature's Bedding

| Stærð í cm | Fullt verð | Tilboðsverð |
|---|---|---|
| 180x200 | 169.900 kr. | 129.925 kr. |

- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Þrýstijöfnunar yfirdýna
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á m²

DORMA
Láttu drauminn rætast

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177

**BAKÞANKAR**

Þorbjargar Gunnlaugsdóttur



# Minning um mús

Fyrir þremur vikum misstum við fjölskyldan hamsturinn. Prins Harry hét hann enda sláandi líkindi með honum og nafna hans í Bretlandi. Þegar ég hugsa til baka gat fallega gylltur feldurinn í raun kannski aldrei kallað á aðra nafngift. Harry glitraði eins og gull.

Áfallið dundi yfir þegar Harry hljóp um frjáls og hamingjusamur í lokuðu herbergi yngstu heimasætunnar, virkur þátttakandi í Barbie-leik hennar og vinkonu. Tíminn síðan hefur farið í að rýna þessi síðustu krítísku andartök og svara spurningum um hvort yfirvöld á heimilinu hefðu getað hagað málum þannig að þessi harmleikur hefði ekki átt sér stað. Undir rúmi leyndist heimiliskötturinn Símon og lagði til atlögu af einbeittum ásetningi. Ævi Harrys lauk með því að Símon varð honum að bana.

Horfandi á tilræðið reyndi ég sem ég gat að ná Harry úr gini kattarins. Það tókst að endingu. Harry var heill og yfirvegaður að sjá en úr öndunarfærum hans seytluðu agnarsmáir blóðdropar. Ég vissi hvað klukkan sló. Innvortis blæðing. Og ég hélt á Harry í lófa mér þegar líf hans fjaraði út. Þrátt fyrir að hafa ekki lokið læknisfræði svona per se horfði ég árum saman á dr. George Clooney á Bráðavaktinni. Eftir það skil ég auðvitað að í vafatilvikum á að reyna barkaþræðingu. Við allra erfiðustu aðstæður var Clooney að barkaþræða með kúlupenna. Örlögin höguðu því hins vegar þannig að barkaþræðing hefði engu breytt. Það var of seint.

Í þrjár vikur höfum við nú unnið með sættir og reynt að skilja að Símon er ekki grimmur. Hann er köttur og það geta allir gert mistök. Harry hvílir í garðinum. Stutt líf hans hafði tilgang. Og minningin um mús, hún lifir.











Nýtt frá Sóma
FERSKT PESTÓ
MEÐ BASILÍKU, SPÍNATI, PARMESAN OSTI, HNETUM OG HVÍTLAUK
— FRÁBÆRT MEÐ NÝJU BRAUÐI EÐA ÚT Á PASTA —
FERSKT Á FERÐINNI ⋆ FRESH TO GO